

## Föstudagsviðtalið

## Út úr skápnnum í skrefum

**Eva María Þórarinsdóttir Lange**, formaður Hinsegin daga, segir táknað að Guðni Th. Jóhannesson ætli að taka þátt í dagskrá hátíðarinnar. Hún segir mikilvægt að muna að maður þurfi ekki að skilja allt – heldur bara virða fólk eins og það er. **SÍÐA 8**



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Stjórnarmyndun gæti reynst Pírötum erfið

**STJÓRN MÁL** Stjórnarmyndunarviðræður gætu reynst erfiðar að loknum þingkosningum í haust. Píratar, sem yrðu í vænlegri stöðu samkvæmt könnunum, leggja áherslu á stutt þing.

Ef þeir halda kröfunni til streitu gætu þeir setið uppi með illeysanlegt verkefni við stjórnarmyndun,

að mati Grétars Þórs Eypórssonar, prófessors í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri.

Mbl.is greindi frá því í gær að formenn Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs tækju ekki undir hugmyndir Pírata um að næsta kjörtímabil verði stutt.

Í síðustu viku útilokaði forystufólk

Pírata, Vinstri grænna og Samfylkingar samstarf við Sjálfstæðisflokkinn eftir næstu kosningar. Grétar segir að í ljósi þessarar stöðu gæti það tekið talsverðan tíma að mynda ríkisstjórn eftir þingkosningarnar.

Grétar bendir á að stjórnarflokkarnir hafi ekki styrk í áframhaldandi samstarf.

„Síðan er stjórnarandstaðan búin að segja að hún vilji ekki mynda stjórn með núverandi stjórnarflokkum,“ segir Grétar Þór. Hann bendir þó á að sagan sýni að stjórnarmálamenn hafi á endanum farið út í ýmsar málamiðlanir þegar í nauðirnar hefur rekið. Því sé eðlilegast að spyrja að leikslukum. – sg

## Fréttablaðið í dag

**MENNING** Ævintýri um dauðann og saga af venjulegu fólki er ný skáldsaga eftir sagnfræðinginn Unni Birnu Karlsdóttur. **22**

**LÍFIÐ** Líflegt apabindi forsetans vakti athygli í fyrstu opinberu heimsókn forsetahjónanna. **30**

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ • FÓLK**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Frá kr. **9.900**  
Flugsæti aðra leið m/sköttum & tösku

**ALICANTE**

Heimsferðir

Pú ferð lengra með **SagaPro**

Vinsæl vara við tíðum þvaglátum

**20% afsláttur\***  
í öllum helstu apótekum og heilsvörðverslunum.

SAGA MEDICA  
\*Gildir til 11. ágúst.


**BETRA GRILL**  
við veginn

ÞÚ FINNUR OKKUR Á **olis**

**GRILL 66**



## Veður



Hægur vindur á landinu í dag. Skýjað með köflum og áfram má búast við einhverjum rigningskúrum, einkum síðdegis. Hiti yfirleitt á bilinu 10 til 15 stig. **SJÁ SÍÐU 20**

## Tillaga gerð um uppstillingu hjá VG í Kraganum

**STJÓRN MÁL** Boðað hefur verið til fundar í kjördæmaráði VG í Suðvesturkjördæmi á miðvikudag.

Þar verður ákvörðun tekin um leið til þess að velja á framboðslista VG í kjördæminu fyrir komandi alþingiskosningar. Tillaga liggur fyrir fundinum frá stjórn VG í Kópavogi um að skipa uppstillingarnefnd sem myndi sjá um uppröðun á framboðslista.

Flokkurinn hefur í dag einn þingmann í kjördæminu. Það er Ögmundur Jónasson, sem hefur tilkynnt að hann gefi ekki kost á sér til áframhaldandi þingsetu. - jhh



Ögmundur Jónasson, alþingismaður

## Fé verði veitt í samþykktu vegaaætlun

**SAMGÖNGUR** „Brýna nauðsyn ber til að samræmis sé gætt á milli samþykktar samgönguáætlunar og þess fjármagns sem áætlað er til málaflöksins á hverjum tíma,“ segir bæjarráð Hveragerðis í bókun sinni og varar við afleiðingunum sé það ekki gert.

„Sé slíkt ekki tryggt er ljóst að vegakerfi landsins mun ekki til framtíðar bera þá miklu umferð og aukna álag sem á því er, með því miður hörmulegum afleiðingum,“ segir bæjarráðið.

Í sömu bókun er því fagnað að hafinn sé undirbúningur að breikkun Suðurlandsvegur á tólf kílómetra kafla milli Hveragerðis og Selfoss.

Bæjarráðið telur að þessi umræddi vegarkafli sé einn sá hættulegasti í þjóðvegakerfi landsins og því afar mikilvægt að sem allra fyrst verði ráðist í breikkun hans með 2+2 vegi. –gar

## Sparkvellir Stjórnunnar lagfærðir



Framkvæmdir eru hafnar við að skipta út gervigrasi á þremur af æfingavöllum Stjórnunnar í Ásgarði. Þetta er fyrsti áfanginn í endurnýjun á öllu yfirborði gervigrasvalla í bænum. Á vef Garðabæjar kemur fram að Metatron sjái um framkvæmd verkefna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

## Fjárfestar búast við lágru verðbólgu

**VIDSKIPTI** Fjárfestar á markaði búast við að verðbólga haldist lág næstu misserin. Þannig hafa verðbólguvæntingar, sem reiknaðar eru sem munur á ávöxtunarkröfu verðtryggðra og óverðtryggðra skuldaþréfa, lækkað að undanförmu.

Samkvæmt greiningu Arion banka búast fjárfestar við að verðbólga næstu tíu árin verði að jafnaði 2,9 prósent og 2,8 prósent næstu fimm árin.

Bent er á að verðbólga sé 1,1 prósent og búast megi við því að hún haldist undir eða við verðbólgu markmið vel inn á næsta ár. Í greiningu bankans er spurt hvort kveða muni við mildari tón við næstu vaxtaákvörðun Seðlabankans en allt síðasta ár hafi peningastefnufndin ýjað að vaxtahækkunum vegna þess sem hún kallar vaxandi innlenda verðbólguþrýsting. – ih

# Fangar oft inni í klefa hjá öðrum föngum

Fangar á Litla-Hrauni fara oft inn í klefa hjá samföngum sínum en það er bannað með lögum. Staðgengill forstöðumanns á Litla-Hrauni segir of fáa starfa í fangelsinu til þess að hægt sé að framfylgja reglunni nægjanlega vel.

**FANGELSISMÁL** Fangar á Litla-Hrauni fara oft inn í klefa hjá samföngum sínum þrátt fyrir að lög banni það. Þetta segir fangi sem Fréttablaðið ræddi við en hann segir daglegt brauð að sjá fanga inni í klefa hjá öðrum fanga. Ný lög um fullnustu refsinga banna föngum í lokudum fangelsum að fara inn í aðra klefa en sína eigin. Áður var reglan í reglum fangelsisins. Ástæða reglunnar er sú að í klefum hafa komið upp ofbeldismál.

Tryggvi Ágústsson, deildarstjóri og staðgengill forstöðumanns á Litla-Hrauni, segir að þar til bærir aðilar hafi talið nauðsynlegt að lög festa regluna. „Það hafa oft komið upp ofbeldisbrot inni í klefum fanganna á undanförmum árum og hygg ég að reglan sé sett til að vernda þá sem minna mega sín.“

Hann segir að reynt sé eftir fremsta megni að framfylgja reglunum en að það hafi reynt erfitt vegna manneklu fangavarda. „Það er ekki stöðug vakt inni á deildunum hjá okkur eins og þekktist annars staðar. Við þyrftum að hafa fleiri fangaverði ef svo ætti að vera. Við erum til dæmis með mun minni mönnum en víða á nágrannalöndunum og því erfitt að fylgja þessu eftir.“

Tryggvi segir að ef fangar verði uppvisir að því að vera inni í öðrum klefum en sínum eigin geti þeir fengið skráð á sig agabrot. „Það er soldið um það að menn fái agabrot eða tiltal fyrir það að vera inni hjá öðrum en við grípum ekki alltaf til hörðustu aðgerða. Við reynum frekar að leiða mönnum fyrir sjónir að vera skynsamir og fara eftir lögnum,“ segir Tryggvi.



Fangar á Litla-Hrauni eiga ekki að fara inn í klefa sem samfangar þeirra gista. Slík hegðun telst til agabrot. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Það hafa oft komið upp ofbeldisbrot inni í klefum fanganna á undanförmum árum og hygg ég að reglan sé sett til að vernda þá sem minna mega sín.

Tryggvi Ágústsson, staðgengill forstöðumanns Litla-Hrauns

Eitt þekktasta málið er varðar ofbeldi í fangaklefa er mál Annþórs Kristján Karlssonar og Barkar Birgissonar en þeir voru ákærðir fyrir að hafa veitt fanganum Sigurði Hólmi Sigurðssyni áverka í fangaklefa hans á Litla-Hrauni sem drógu hann til dauða í maí 2012. Málið vakti mikla athygli ekki síst fyrir það hvað rannsókn tók langan tíma. Þeir Annþór og Borkur voru báðir sýknaðir af ákærinni í Héraðsdómi Suðurlands í mars síðastliðnum.

nadine@frettabladid.is

## FRÁBÆRT GRILL 50 ára

LANDMANN gasgrill 2ja brennara

Þetta aflmikla 2ja brennara verðlaunagrill er komið aftur í nýrri útgáfu



Afl 4 KW

49.900

grillbudin.is



Hjólavagn Kr. 12.900

Opið virka daga 11-18 Laugardaga 11-16

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400





---

## BÍLABÚÐ BENNA STENDUR VERÐLAGSVAKTINA

---



---

ÞITT TÆKIFÆRI TIL AÐ EIGNAST DRAUMABÍLINN!

**Bílabúð**  
**Benna**  
benni.is



# Tjáir sig ekki um launahækkunar þingmanna

**KJARAMÁL** Jónas Þór Guðmundsson, formaður kjararáðs, vill ekki tjá sig um hvort kjararáð sé með til skoðunar að gera breytingar á launum þingmanna og ráðherra.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sagði um miðjan júlí að það stæðist vart til lengdar að ráðuneytisstjórar væru á hærri launum en ráðherrar. Ummælin komu í kjölfar úrskurða

kjararáðs um launahækkunar ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra ráðuneyta og fleiri embættismanna fyrir sumar.

Jónas vill heldur ekki tjá sig um gagnrýni verkalyðshreyfingarinnar um að úrskurðir kjararáðs um hækkunar setji SALEK-samkomulagið í uppnám og kalli á aðgerðir af hálfu Alþingis.

Kjararáð úrskurðaði síðast sérstaklega um laun þingmanna og ráðherra í árslok 2008 þar sem þingfararkaup var lækkað um 7,5 prósent og ráðherralaun um 14-15 prósent eftir lagabreytingu sem kvað á um lækkan á launum þeirra. Síðan hafa laun þingmanna og ráðherra fylgt almennum launahækkunum kjararáðs. – ih



Jónas Þór Guðmundsson.

» Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sagði um miðjan júlí að það stæðist vart til lengdar að ráðuneytisstjórar væru á hærri launum en ráðherrar.

## Brennuvargur finnst ekki

**KAUPMANNAHÖFN** Norska lögreglan getur ekki leyst gátuna um það hver eða hverjir kveiktu eldana í ferjunni Scandinavian Star sem kostuðu 159 manns lífið árið 1990. Danska Politiken segir frá þessu og vitnar í bréf lögmanna til aðstandenda þeirra sem létust.

Scandinavian Star var á siglingu frá Ósló til Fredrikshavn þegar eldsvoðinn varð. Norska lögreglan tók rannsókn málsins upp að nýju á árinu 2014 þegar ljóst þótti að ekki var hægt að tengja brunann við danskan vörubílstjóra sem forst í eldinum eins og áður var tilgáta um. – gar



Árni Johnsen. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Árni Johnsen vill aftur á þing

**STJÓRN MÁL** Árni Johnsen, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur ákveðið að gefa kost á sér í eitthvert af efstu sætum í prófkjöri flokksins í Suðurlandshöfn sem haldið verður þann 10. september.

Í aðsandi grein í Morgunblaðinu í gær sagði Árni núverandi þingmenn Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu – þau Ragnheiði Elínu Árnadóttur, Unni Brá Konráðsdóttur og Ásmund Friðriksson – hafa unnið skipulega að því að fæla sjálfstæðismenn frá því að kjósa hann í prófkjöri flokksins í ársbyrjun 2013.

Árni, sem er 72 ára gamall, var alþingismaður Suðurlands 1983 til 1987 og 1991 til 2001 og svo Suðurlandshöfn frá 2007 til 2013. Árna var veitt uppreist æru árið 2006 vegna tveggja ára fangelsisdóms sem Hæstiréttur dæmdi hann í þremur árum fyrir. Við það hlaut Árni kjörgengi á ný og bauð hann sig aftur fram til þings árið 2007 og var kjörinn. – sg



Fyrirvarar sem sveitarfélög hafa í lögum til að tryggja veiðiheimildir í heimabyggð eru bara til málamynda, segir bæjarstjórn Ölfuss. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Sextíu prósent kvótans seld burt úr Þorlákshöfn á einu ári

Tvönn viðskipti á innan við ári hafa orðið til þess að 60 prósent aflaheimilda í Þorlákshöfn eru komin í hendur fyrirtækja utan sveitarfélagsins. Bæjarstjórn Ölfuss telur stjórnvöld þurfa að verja störf þar sem sjávarútvegur sé grunnatvinnugrein. Mikil ábyrgð hvíli á fyrirtækjum sem eru handhafar veiðiheimilda.

**BÆJARSTJÓRN** „Þetta er hrikaleg þróun, í raun ótrúleg, og hugsanlega fordæmalaust að jafn stór hluti veiðiheimilda hverfi úr einni verstöð á jafn skömmum tíma með tilheyrandi afleiðingum,“ segir bæjarstjórn Ölfuss vegna brotthvarfs 60 prósent af aflaheimildum í Þorlákshöfn á innan við ári.

„Á innan við ári hafa rúmlega 3.500 þorskígildistonn verið seld fyrirtækjum utan sveitarfélagsins en þessar aflaheimildir telja 60 prósent skráðra veiðiheimilda í sveitarfélaginu á liðandi fiskveiðiári,“ bókastjórnir sem kveðst harma þessa þróun.

Viðað er til þess að HB Grandi hafi í lok júlí keypt aflaheimildir sem áður tilheyrðu Hafnarnesi Veri

og ætli að nýta þær til vinnslu á Vopnafirði. Þessar aflaheimildir séu um 28 prósent skráðra aflaheimilda í Þorlákshöfn á yfirstandandi fiskveiðiári. Um 32 prósent aflaheimildanna hafi verið seld haustið 2015 þegar Skinney Þinganes í Hornafirði keypti öll hlutabréf í Auðbjörgu.

„Skinney Þinganes heldur úti öflugum rekstri í Þorlákshöfn og bera bæjaryfirvöld traust til þess að sú starfsemi muni vaxa og dafna um ókomna tíð. Slík þróun mun því miður ekki eiga sér stað með þær aflaheimildir sem tilheyrðu Hafnarnesi Veri og nú hverfa úr sveitarfélaginu,“ bendir bæjarstjórnir á.

Þá segir bæjarstjórnir mjög miður að hafa fyrst frétt af sölu veiðiheimilda Hafnarness Vers í fjölmiðlum.

Það er óásættanlegt að tugum starfa sé ógnað í aðgerðum sem teljast mega ónaðsynlegar í samfélagslegu tilliti.

Úr bókun bæjarstjórnar Ölfuss

Reglulega komi í ljós að fyrirvarar sem sveitarfélög hafi samkvæmt lögum til að tryggja veiðiheimildir í heimabyggð séu aðeins til málamynda. Það eina sem forsvarsmenn sveitarfélaga geti gert til að hafa áhrif á að veiðiheimildir haldist í

heimabyggð sé að höfða til eigenda þeirra fyrirtækja sem yfir aflaheimildunum ráða.

„Því fylgir mikil ábyrgð að vera handhafi veiðiheimilda og það er mikilvægt samfélagsmál að eigendur þessara fyrirtækja horfi til hagsmuna þeirra sveitarfélaga sem þeir starfa í og leiti allra leiða til að ráðstafa veiðiheimildum innan síns byggðarlags,“ segir bæjarstjórnir sem kveður stjórnvöld þurfa að verja sérstaklega störf tengd sjávarútvegi í byggðum landsins þar sem sjávarútvegur er grunnatvinnugrein.

„Það er óásættanlegt að tugum starfa sé ógnað í aðgerðum sem teljast mega ónaðsynlegar í samfélagslegu tilliti,“ undirstríkar bæjarstjórn Ölfuss. gar@frettabladid.is

11. ágúst í 11 nætur

Frá kr. 69.995

Allt að 43.000 kr. afsláttur á mann

**COSTA DEL SOL**

Stökktu ☺☺+

Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íb/h/st. Netverð á mann frá kr. 79.995 m.v. 2 fullorðna í íb/h/st.

**Heimsferðir**

## Hámarksrefsing er sex ára fangelsi

**LÖGREGLUMÁL** Kona sem játað hefur að hafa kveikt í bók í íbúð í Kópavogi þar sem eldsvoði varð á sunnudagskvöld gæti átt allt að sex ára fangelsi yfir höfði sér. Hæstiréttur telur ekki ástæðu til að halda konunni í gæsluvarðhaldi og ógilti í fyrradag úrskurð Héraðsdóms Reykjaness þess efnis.

Fram kemur í umfjöllun dómssins að stofa íbúðarinnar hafi verið alelda þegar lögreglu bar að. Þá hafi enginn verið í íbúðinni. Konan hafi verið handtekin er hún sneri aftur á staðinn.

Hæstiréttur segir að brotið geti varað að 164. grein hegningarlaga um almannahættu sem einhver valdi með eldsvoða. Þar er gert ráð fyrir að lágmarki sex mánaða fangelsisrefsingu en tveggja til sex ára fangelsi „hafi sá, er verkið vann, séð fram á, að mönnum mundi vera af því bersýnilegur lífsháski búinn eða eldsvoðinn mundi hafa í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.“ – gar



Parhúsið þar sem eldsvoðinn varð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



markaður  
**nettó**

*Allt fyrir  
grillmeistararnn*

**Char-Broil**

TRU  
INFRARED

PERFORMANCE T-36G  
TRU-infrared 3. brennara

**89.998** KR.

**Char-Broil**

TRU  
INFRARED

PERFORMANCE T-22G  
TRU-infrared 2. brennara

**59.998** KR.

**Char-Broil**

TRU  
INFRARED

**ÞÚ FÆRÐ CHAR-BROIL GASGRILLIN  
Í VERSLUNUM NETTÓ**

**Char-Broil**

TRADITIONAL C-46G  
4. brennara

**69.998** KR.

*...og góðar stundir*

**TRAMPÓLÍN**

HÆÐ: 270 CM, UMMÁL: 426 CM  
MEÐ ÖRYGGISNETI

**69.998** KR.

**KÖRFUSPJALD**

LIFETIME 50

**59.998** KR.

[www.netto.is](http://www.netto.is)

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Íðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss





Mark Carney, bankastjóri Englandsbanka, litur svartsýnum augum á framtíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Svartsýnn á breskt efnahagslíf

**EFNAHAGSMÁL** Mark Carney, bankastjóri Englandsbanka, litur ekki björtum augum á framtíðina en hann spár minni hagvexti, verðbólgu yfir tvö prósent og auknu atvinnuleysi í Bretlandi. Tilkynnt var um stýrivaxtalækkun í Bretlandi í gær úr 0,5 prósentum í 0,25 prósent. Þetta er fyrsta stýrivaxtalækkun Englandsbanka frá 2009, og hafa stýrivextirnir aldrei verið lægri.

Í tilkynningu frá bankanum vegna stýrivaxtalækkunar segir að í kjölfar þess að Bretland kaus að yfirgefa Evrópusambandið í júní hafi gengi pundsins hrífðfallið og því sé útlit fyrir mun hægari vöxt, eða í kringum 0,8 prósent, og meiri verðbólgu til skamms tíma lítið. Á síðari helmingi ársins komi til með að verða litill vöxtur í vergri landsframleiðslu í Bretlandi, og um fimm prósentu atvinnuleysi. – sg

## Tristan er laus



Selurinn Tristan er í hópi fyrstu sela sem var sleppt lausum úr selauppeldisstöðinni í Norddeich í Þýskalandi á þessu ári. Tristan og félögum var sleppt á strönd Þýsku eyjunnar Juist í gær. Tugir sela vaxa og þroskast í Norddeich á hverju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Endurkaup hlutabréfa fimmtungi meiri í ár

**VIÐSKIPTI** Endurkaup skráðra félaga á Aðallista Kauphallarinnar eru orðin nítján prósentum meiri heldur en heildarendurkaup árið 2015, og er þeim ekki lokið. Sérfræðingur hjá IFS-greiningu segir þetta vísbendingu um að eigendur hafi trú á hlutabréfum sínum og telji að gengi hlutabréfa í fyrirtækjum sínum fari hækkandi.

Jóhann Viðar Ívarsson, sérfræðingur hjá IFS-greiningu, taldi í fyrra að vísbendingar væru um að arðgreiðslur og endurkaup hefðu náð hámarki og yrðu minni í ár, eftir 64 prósentu aukningu milli ára.

Arðgreiðslur og endurkaup hjá félögum á Aðallista Kauphallarinnar námu 28,4 milljörðum króna í fyrra og hafa numið 25 milljörðum króna það sem af er ári. Arðgreiðslum er lokið og voru þær minni í ár en í fyrra. Þær námu 20,9 milljörðum króna árið 2016, samanborið við 22,5 milljarða árið 2015 (18 milljörðum árið 2016 sé miðað við sömu félög og skráð voru árið 2015).

Uppkaup félaga á eigin bréfum hafa hins vegar numið 4,09 milljörðum króna, samanborið við 3,4 milljarða króna árið 2015. Endurkaupum er enn ekki lokið. Reitir eiga til að mynda tæplega nítján prósent eftir af kaupáætlun og Sjóvá fjörutíu prósent.

Í einhverjum skilningi þá nota stjórnir félaga þetta sem leið til að pumpa upp gengið á bréfunum.

Jóhann Viðar Ívarsson, sérfræðingur hjá IFS-greiningu



„Endurkaup ganga í bylgjum, meðal annars eftir hagsveiflunni og fyrirtækjakúltúr. Almenn er þetta talin önnur leið til að koma peningum til hluthafa, arðgreiðslan er ein leið. Einn af kostum endurkaupa umfram arðgreiðslur er að þá fá bara þeir hluthafar hópsins meiri pening sem kæra sig um það.“ segir Jóhann.

„Mörg félög líta á þetta sem leið til að hækka verðið á hlut á félögum á markaði. Það getur skapað jákvæð hughrif, jákvæða stemningu gagnvart hlutabréfunum. Það má kannski segja að í einhverjum skilningi þá noti stjórnir félaga þetta sem leið til að pumpa upp gengið á bréfunum.“ segir hann.

Jóhann segir að þessi bylgja hafi verið viðvarandi síðustu þrjú, fjögur árin á Íslandi. „En reyndin er sú að þetta er bara góður dill ef félögin eru að kaupa sín eigin bréf á góðu verði, og verðhækkun verður á bréfunum.“

Aftur á móti ef verðmæti rekstrarins minnkar í framhaldinu þá hefur félagið eytt verðmætum við að kaupa þessi bréf.“ –sg



Uppkaup félaga á eigin bréfum hafa numið 4,09 milljörðum króna það sem af er ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Skilaskussarnir verði persónulega ábyrgir


Sviðsstjóri hjá rikisskattstjóra vill að forsvarsmenn fyrirtækja sem ekki skila skattskýrslum verði sektaðir. 27 prósent félaga skiluðu ekki skattframtölum á réttum tíma. Mikill kostnaður hljótist af félögum sem engu skili til samfélagsins.

**SKATTAMÁL** Sigurður Jensson, sviðsstjóri eftirlitssviðs rikisskattstjóra, kallar eftir því að forsvarsmenn fyrirtækja verði persónulega dregnir til ábyrgðar og þeir sektaðir skili félögin ekki skattskýrslum á réttum tíma. „Það er bara staðreynd að það eru allt of margir sem skila ekki skattframtölum á réttum tíma,“ segir Sigurður. Í grein í Tíund, tímariti rikisskattstjóra, bendir hann á að 27,1 prósent allra félaga eða 10.628 félög hafi ekki skilað skattframtali innan lögbundins tímafrests og hlotið álagningu vegna rekstrarársins 2014. Þá hafi skattskýrslum fyrir 1.854 félög eða 6,1 prósent þeirra ekki skilað neinu skattframtali fyrir síðustu fimm ár.

Sigurður segir að í umferðinni séu bilstjórar sektaðir fyrir að brjóta umferðarlög. Hið sama gildi hins vegar ekki um forsvarsmenn hlutafélaga. „Menn geta fyrir hönd lögaðila sem þeir stýra sleppt því að skila inn skattskýrslum, virðisauka-skattskýrslum og flestum öðrum lögbundnum skattskilagögnum án þess að nokkuð bítu á þá persónulega fyrir þessa vanrækslu,“ ritar Sigurður. Auk sekta á forsvarsmenn félaga gæti komið til álita að leggja umsýslugjald á lögaðila sem félli niður ef tekjuskattur eða tryggingargjald færi yfir þá fjárhæð.

Í greininni í Tíund bendir Sigurður á að tekjuskattskyldum félögum hafi fjölgað um tæplega þrjátíu þúsund frá árinu 1992 og séu nú 39.189. Af þeim hafi 73 prósent ekki skilað neinum tekjuskatti fyrir árið 2014, 59 prósent hafi ekki greitt nein laun og þar af leiðandi ekkert tryggingargjald. Hins vegar hafi utanumhald um öll þessi félög

⇒ Tölur úr álagningu lögaðila rekstrarárið 2014



1.854 félög skiluðu engu framtali seinustu fimm ár.

Þessi kostnaður er ekki greiddur af þeim sem eiga félögin því meirihluti þeirra skilar ekki neinu til samfélagsins.

Sigurður Jensson, sviðsstjóri eftirlitssviðs rikisskattstjóra

⇒ Í greininni í Tíund bendir Sigurður á að tekjuskattskyldum félögum hafi fjölgað um tæplega þrjátíu þúsund frá árinu 1992.

í för með sér mikinn kostnað fyrir samfélagið. Sérstaklega þegar þurfi að fara ofan í kjölinn á rekstri félaganna og áætla skattstofna þar sem félögin skili ekki skattskýrslum. „Þessi kostnaður er ekki greiddur af þeim sem eiga félögin því meirihluti þeirra skilar ekki neinu til samfélagsins.“

Þá spyr Sigurður hvort umburðarlyndi gagnvart „bilstjórum“ hlutafélaganna hafi búið til það sem hann kallar ótækt ástand. „Þegar hátt í einn þriðji er ekki að skila skattframtölum lögaðila er það vísbending um að menn beri ekki virðingu fyrir þessum skyldum sínum.“ [ingvar@frettabladid.is](mailto:ingvar@frettabladid.is)



# SÓL ALLA HELGINA

ÞRÍJÁR GÆÐAVÖRUR Á AFSLÆTTI TIL OG MEÐ 7. ÁGÚST

-25%



**HERREGÁRD PALLA-OLÍA XO** viðarvörn, er ætluð á gagnvarið efni, palla, girðingar og garðhúsgögn. Kemur í veg fyrir gráma og inniheldur sveppa og mygluvarnarefni. Fæst í ljósbrúnu og glæru.

FRÁBÆRT  
VERÐ!

**1.875** kr.

80602501-2  
Verð áður: 2.495kr.

3 LÍTRAR

-20%



**KJÖRVARI 16** viðarvörn, þekjandi, margir litir.

**1.755** kr. 1 LÍTRI

86360040-1337 - Verð áður: 2.195kr.

**5.915** kr. 4 LÍTRAR

86360040-1337 - Verð áður: 7.395kr.

-20%



**KJÖRVARI 14** viðarvörn, gagnsær, margir litir.

**1.275** kr. 1 LÍTRI

86332040-9040 - Verð áður: 1.595kr.

**3.995** kr. 4 LÍTRAR

86332040-9040 - Verð áður: 4.995kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentbílur. Tilboð gilda til og með 7. ágúst eða á meðan birgðir endast.



byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS  
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

**BYKO**

GERUM PETTA SAMAN





Efnahagslegar og pólitískar óeirðir hafa geisað í Venesúela á árinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Venesúela senn uppiskroppa með reiðufé

**VENESÚELA** Óttast er að Venesúela geti orðið uppiskroppa með reiðufé innan árs. Landið hefur staðið frammi fyrir djúpri kreppu og alls kyns skorti undanfarið árið.

CNN greinir frá því að sedlabanki Venesúela eigi einungis eftir um 11,9 milljarða bandaríkjadala í gjaldeyrisforða, samanborið við 30 milljarða bandaríkjadala árið 2011. Framundan eru skuldagreiðslur, frá og með október þarf ríkisstjórnin að greiða 4,7 milljarða bandaríkjadala skuldir í nokkrum greiðslum.

Landsmenn hafa staðið frammi fyrir matarskort, lyfjaskorti á spítölum og pólitískum óeirðum undanfarið ár. Sérfræðingar telja að ríkisstjórnin muni einbeita sér að því að greiða niður skuldir frekar en að bæta úr skortinum. CNN hefur eftir Russ Dallen, sérfræðingi í Venesúela og eiganda í Caracas Capital, að Venesúela muni verða uppiskroppa með reiðufé innan árs.

Sérfræðingar eru sammála um að Venesúela eigi ekki nóg reiðufé til að endurgreiða skuldir næstu tvö árin. – sg

# 11,9

milljarða dala á Venesúela í gjaldeyrisvaraforða.

# Repúblikanar farnir að hafa áhyggjur af forsetaefni sínu

Áhrifamenn innan Repúblikanaflokksins eru farnir að skoða hvort hægt væri að finna annað forsetaefni í stað Trumps. Neikvæð umræða um flokkinn gæti einnig kostað hann meirihlutann í öldungadeildinni. Fylgi Trumps hefur dalað hratt á síðustu dögum samkvæmt niðurstöðum nýlegra skoðanakannana.

**BANDARÍKIN** Donald Trump lætur allt flakka eins og enginn sé morgundagurinn, þótt hann sé formlega orðinn forsetaefni Repúblikanaflokksins og þyrfti kannski að haga orðum sínum í samræmi við það. Til dæmis vakti hann hneyksli með ummælum um móður ungs hermanna, múslima, sem lét lifið í Írak. Faðir piltins hafði flutt ræðu á flokksþingi demókrata, meðan móðirin stóð þögl við hlið hans.

Áhrifin láta ekki á sér standa: Fylgi hans hefur dalað verulega og líkurnar á sigri í forsetakosningunum í nóvember minnka hratt.

Bandaríska ABC-sjónvarpsstöðin segir að áhrifamenn innan flokksins séu farnir að hafa áhyggjur af því að mótlætið verði til þess að hann muni hætta við framboðið. Þá þyrftu þeir í snarti að finna einhvern í staðinn.

Algerlega óljóst er hver það ætti að verða. Ekki er sjálfgefið að það verði varaforsetaefnið Mike Pence. Ekki er heldur sjálfgefið að það verði einhver þeirra repúblikana sem hafa sóst eftir að verða forsetaefni flokksins. Það mætti hins vegar ekki dragast mjög því að með tímanum verður æ flóknara að setja annað nafn á kjörseðlana.

Fylgi Trumps hefur fallið hratt á síðustu dögum. Líkurnar á að hann sigri eru nú komnar niður í 22 til 27 prósent samkvæmt kosningavefnum fivethirtyeight.com. Ef kosið væri strax reiknast líkurnar 9 prósent.

Kosningafræðingar eru einnig farnir að velja því fyrir sér hvort neikvæð áhrif Trumps á Repúblikanaflokkinn geti smitað frá sér yfir á þingkosningarnar, þannig að þingmeirihluti flokksins í öldungadeildinni verði úr sögunni þegar nýtt þing kemur saman í janúar.

Harry Enten, stjórnmálaskýrandi



Donald Trump hefur með framferði sínu vakið bæði reiði og ugg meðal áhrifamanna í Repúblikanaflokki. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Ánægjan með Obama eykst

Almenningur í Bandaríkjunum er ánægðari með frammi-stöðu Baracks Obama forseta nú en mælt hefur síðan í byrjun seinna kjörtímabil hans í janúar 2013.

Samkvæmt skoðanakönnun CNN-stöðvarinnar segjast 54 prósent Bandaríkjamanna ánægð með forsetann, en 45 prósent eru óánægð.

Ánægjan er meiri meðal yngra fólks en eldra. Hún mælist líka meiri meðal þéttbýlisbúa en dreifbýlisbúa. Einnig mælist hún meiri meðal þeirra sem hafa meiri menntun en minni.



á kosningavefnum fivethirtyeight.com, bendir á að í flestum svo-nefndum lykilríkjum kosninganna sé Trump nú með minna fylgi en frambjóðandi repúblikana til öldungadeildarinnar: „Ef staða Trumps skánar ekki þá munu repúblikanar því aðeins geta haldið meirihluta í öldungadeildinni að nógu margir kjósendur skipti atkvæðum sínum og kjósi repúblikana í öldungadeildina en ekki í forsetakjörinu.“ skrifar Enten. gudsteinn@frettabladid.is

# SNARKEY PUPPY

## JASSVIÐBURÐUR ÁRSINS

### ELDBORG - 10. ÁGÚST - KL 20.00



# BÖRNIN FLJÚGA FRÍTT Í ÁGÚST Í VALDAR BROTTFARIR

BÖRN Á ALDRINUM 2–12 ÁRA FLJÚGA FRÍTT Í VALDAR BROTTFARIR Í ÁGÚST TIL MALLORCA, KANARÍ, ALMERÍA, BENIDORM, ALBÍR, ALICANTE OG TENERIFE.

EITT BARN MEÐ HVERJUM FULLORÐNUM (TVÖ BÖRN Á TVÖ FULLORÐNA). BÓKANLEGT TIL 8. ÁGÚST EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST FLEIRI VERÐDÆMI OG FJÖLSKYLDUSTÆRÐIR Á UU.IS

BÓKANLEGT TIL  
8. ÁGÚST  
EÐA MEÐAN BIRGÐIR  
ENDAST

FLOTT VERÐ  
FYRSTUR KEMUR  
FYRSTUR FÆRI!

**BROTTFARIR Á TILBOÐI**  
GILDIR TIL 8. ÁGÚST  
EÐA MEÐAN BIRGÐIR  
ENDAST

**KANARÍ**  
10. 17. 24. OG 31. ÁGÚST

**MALLORCA**  
9. OG 16. ÁGÚST

**ALMERÍA**  
11. OG 18. ÁGÚST  
1. SEPTEMBER

**ALICANTE, BENIDORM  
OG ALBÍR**  
09., 16. OG 26. ÁGÚST

**INNIFALIÐ Í VERÐI**  
FLUG, FLUGVALLASKATTAR,  
GISTING, TASKA, HAND-  
FARANGUR OG ÍSLENSK  
FARARSTJÓRN.

**KANARÍ**



Puerto Rico  
**MARINA BAY VIEW** ★★★★★  
Strönd 1,2 km

VERÐ FRÁ **48.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð sjávarsýn. **10.–17. ágúst.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 89.900 kr.

Fallegar íbúðir með einu svefnherbergi og sundlaug með frábæru útsýni. Barnalaug fyrir börnin. Hótelíð er í 10 mín göngufjarlægð frá ströndinni.

**MALLORCA**



Santa Ponsa  
**VISTA CLUB** ★★★  
Fæði Strönd 150 m

VERÐ FRÁ **49.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. **9.–16. ágúst.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 89.900 kr.

Góðar íbúðir við Santa Ponsa ströndina um 300 metra frá miðbæ Santa Ponsa. Verslanir, kaffihús og veitingastaðir eru í göngufæri.

**ALMERÍA**



Roquetas de Mar  
**ARENA CENTER** ★★★★★  
Skemmtidagskrá Fæði Strönd 300 m

VERÐ FRÁ **59.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. **18.–25. ágúst.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 89.900 kr.

Vinsælt fjölskylduhótel með góðum sundlaugargarði. Skemmtidagskrá í boði. Hægt að fá með hálfu fæði eða án fæðis.

**ALBÍR**



Albír  
**HOTEL KAKTUS** ★★★★★  
Skemmtidagskrá Fæði Strönd 50 m

VERÐ FRÁ **83.500 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði. **9.–16. ágúst.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 124.500 kr.

Gott hótél staðsett alveg við ströndina, skemmti- og afþreyingardagskrá er alla daga og kvöld. Stutt í veitingastaði og verslanir.

**TENERIFE**



Santa Ponsa  
**PARQUE CRISTOBAL** ★★★★★  
Skemmtidagskrá Fæði Strönd 1,5 km

VERÐ FRÁ **78.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svitu með 2 svefnherbergjum. **20.–27. ágúst.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 127.900 kr., m.v. 2 fullorðna og 1 barn 102.900 kr.

Frábærlega vel staðsett og skemmtileg briggja stjórn íbúðagisting. Góður garður með útisundlaugum og barnalaug. Frábær sólbaðsaðaða.

**MALLORCA**



Alcudia  
**SOL ALCUDIA CENTER** ★★★★★  
Skemmtidagskrá Fæði Strönd 50 m

VERÐ FRÁ **69.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. **16.–23. ágúst.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 138.900 kr.

Góðar íbúðir með 1 svefnherbergi eða stúdíó íbúðir. Skemmtilegur sundlaugargarður og boðið upp á fjölbreytta skemmtidagskrá á kvöldin fyrir fullorðna og börn.



## FÖSTUDAGSVIÐTAL

## Þurfum að rækta kynvillinginn í okkur

Eva María Þórarinsdóttir Lange er formaður Hinsegin daga. Hún segir trans- og intersex-fólk eiga á brattann að sækja. Þá sé mikilvægt að líta út fyrir landsteinana, þar sem mannréttindi eru ekki jafn sjálfsögð og hér á landi. Duldir fordómar séu algengastir á Íslandi.

Ólöf Skaftadóttir  
olof@frettabladid.is  
Nadine  
Guðrún Yaghi  
nadine@frettabladid.is



Við fáum mjög oft spurninguna um af hverju þurfi enn að halda hátið eins og Hinsegin daga. Mér fannst góður punktur sem ég rakst á um daginn, þar sem einhver skrifaði: Við öðluðumst sjálfstæði 1944 en höldum enn upp á 17. júní. Þetta er samt heldur alvarlegra mál," segir Eva María Þórarinsdóttir Lange, formaður Hinsegin daga.

„Svo er vert að nefna að mannréttindi eru ekki einkamal þjóða og við þurfum líka að horfa út fyrir okkar eigið land. Á Íslandi hafa samkynhneigðir náð lagalegum réttindum að flestu leyti og búa við sömu mannréttindi og gagnkynhneigt fólk. Ég hef þó alltaf sagt að það er langt á milli lagalegra réttinda og þess sem er að gerast úti í samfélaginu," segir Eva María. Á milli þess sem hún skipuleggur hátiðina er hún einn eigenda ferðaskrifstofu fyrir hinsegin fólk og skipuleggur brúðkaup hér á landi.

Eva segir hátiðina varpa ljósi á menningu hinsegin fólks og minna á þá sem ruddu brautina í réttindabaráttunni. „Ég kann þeim miklar þakkir.“

#### Pólitísk ganga

Hinsegin dagar hafa fyrir löngu unnið sér sess í hjörtum landsmanna; menningar- og mannréttindahátið hinsegin fólks á Íslandi. Gleðigangan sem gengin er á morgun er hápunkturinn. Í henni sameinast lesbíur, hommar, tví- og pankynhneigðir, transfólk, intersex fólk og aðrir hinsegin einstaklingar – og allir þeim tengdir.

Við höfum heyrt frá fólki að því finnist gangan orðin „of fjölskyldu-væn“. Fólk sakni t.d. leðurhommavagnsins? Eva María hlær. „Gleðigangan er grasrótarhreyfing. Við ráðum ekki hverjir koma og taka þátt. Við hins vegar getum neitað þátttöku ef okkur finnst málefnið ekki passa. Við höfum gert það. Fyrir tveimur árum var gangan til dæmis mjög pólitísk. Þá var minna um gleði og meira um pólitísk skilaboð. Það endurspegladi það sem var að gerast á alþjóðavettvangi – þá var Pútín búinn að banna gleðigöngu í Rússlandi næstu 100 árin.“

Eva María segir baráttu hinsegin fólks hafa tekið breytingum. „Á fyrri árum snerist baráttan um að reyna að komast inn í norðið. Þá var hneigðin tekin út úr menginu. Í dag erum við komin til baka í að rækta ræturnar. Þorvaldur vinur minn hefur stundum sagt að við þurfum að rækta kynvillinginn í okkur. Mér finnst það skemmtilegt. Það er alveg satt. Það er það sem við gerum með dagskránni á hátiðinni líka. Við tölum um hluti sem eru undir yfirborðinu og við viljum sjá fjölbreytni. Þróunin á hátiðinni er þannig í takti við það sem er að ske í samfélaginu.“

#### Litlu atriðin pirrandi

Eru einhverjir fordómar í íslensku samfélagi í dag? „Það eru aðallega duldir fordómar. Litlu atriðin geta verið pirrandi. Til dæmis hringdi tryggingasölumaður í mig um daginn og talaði alltaf um manninn minn. Það þyrfti að breyta svona hlutum og tala frekar um maka. Ég var líka spurð um daginn, af hverju þurfum við hinsegin skemmtistað? Ef ég fer á hefðbundinn skemmtistað



Eva María er alin upp á Ítalíu, þar sem hinsegin málefni eru skammt á veg komin. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Ef ég fer á hefðbundinn skemmtistað með kærustunni minni og við kyssumst er mjög algengt að við fáum hóp karlmanna í kring um okkur sem biðja okkur um að kyssast aftur. Það er óþægilegt en gerist oft.**

með kærustunni minni og við kyssumst er mjög algengt að við fáum hóp karlmanna í kring um okkur sem biðja okkur um að kyssast aftur. Það er óþægilegt en gerist oft. Þetta er ein týpa af fordómum. Þess vegna skapast rými og verða til hinsegin skemmtistaðir þar sem okkur finnst við örugg.“

#### Guðni hýr um helgina

Það hefur vakið athygli að nýkjörinn forseti, Guðni Th. Jóhannesson, kemur til með að halda tölu á hátiðinni. „Það er ánægjulegt að forsetinn okkar ætli að láta sig hinsegin mannréttindi varða.“ segir Eva María og rifjar upp úr kosningabaráttu Guðna, þegar hann minntist fjöldamorðanna í Orlando, þar sem 49 manns

voru myrtir á skemmtistað fyrir samkynhneigða þar í borg.

„Og þegar við höfðum samband við hann og báðum hann að koma fram tók hann mjög vel í það. Þetta er táknrænt og sýnir það sem hann vill standa fyrir.“

Hvað með Ólaf Ragnar? „Ólafur hefur ekki tekið þátt í göngunni frá því ég tók við, allavega. Hann hefur ekki komið fram á neinum opinberum viðburðum á okkar vegum. Hins vegar hefur hann veitt fyrir-tækinu mínu Nýsköpunarverðlaun ferðapjónustunnar þannig að hann hefur alveg þurft að tala um hinsegin fólk.“ segir Eva María og hlær.

„Þannig að við fögnum því að Guðni ætli að taka þetta skref. Hann vildi absalútt gera þetta.“

#### Intersex og trans langt á eftir

Einu sinni var það þannig að eina hinsegin fólkið voru hommar og lesbíur. Núna er fjöldinn allur af hugtökum til, trans, intersex, pan, asexual og svo maetti lengi telja. Flækir það ekki málin? „Jú. En við þurfum að átta okkur á því hvað er mikilvægt að tilheyra hópi og það er rauði þráðurinn. Það er ennþá þannig að fólk upplifir sig eitt í heiminum og þar er regnboga-regnhlífinn svo mikilvæg. Ef maður hugsar þetta í sögulegu samhengi var einu sinni ótrúlega erfitt

fyrir homma og lesbíur að koma út úr skápnum og það getur enn verið erfitt. Hins vegar er erfðara að koma út úr skápnum sem trans. Ég held ég geti fullyrt það. Trans- og intersex-baráttan er mörgum árum á eftir.“ útskýrir Eva María og heldur áfram.

„Ég hef sagt að fólk þarf ekki endilega að skilja allt heldur bara að virða fólk. Þetta snýst allt um að einstaklingurinn fái sjálfur að skilgreina sig en ekki láta samfélagið gera það fyrir sig. Svo er gott að spyrja hreinlega viðkomandi hvað hann eða hún vill. Ég hef verið í þeim sporum að þurfa hreinlega að biðja um aðstoð – því ég ætla ekki að ákveða fyrir einhvern hvernig hann vill láta skilgreina sig.“

Eva María segir vandamál intersex-fólks, sem fæðist í ótilgreindu kyni, aðallega stafa af því að foreldrar eða lækna barnsins velji kyn fyrir það. „Það er tvíhyggjuhugsunin sem er svo sterk í okkar menningu. Orðið hinsegin tekur þannig vel á þessu. Hinsegin er bara það sem er ekki í takt við meirihlutann.“

Eva María viðurkennir að þó hún sé lesbía þá eigi hún það til að taka þátt í tvíhyggjumiðaðri umræðu. „Ég þarf oft að passa mig. Það er einmitt þetta sem er svo hollt og gott við þessa hátið að við náum að opna umræðuna.“

En hvað með trans? Eru ekki að

verða framfarir þar? Hvaða þýðingu hafa transfyrimyndir eins og Caitlyn Jenner? „Það eru skiptar skoðanir um hana. Það er alltaf erfitt þegar svona frægar manneskjur koma út. Hún er í miklum forréttindahópi og á mikið af peningum og gat þannig til dæmis farið í allar þær aðgerðir sem hún þurfti og vildi. Ég held að það sé hættulegt stundum. Þetta er jákvætt að því leyti að þetta opnar umræðuna og sýnileika. Fólk hefur skiptar skoðanir á því hvort hún sé góður málsvari þessa hóps.“

#### BDSM-samtökin með í ár

Eva María er meðlimur í Samtökunum 78, hagsmuna- og baráttusamtökum hinsegin fólks. Þar logaði allt í deilum fyrr á árinu vegna aðildarumsóknar BDSM-samtakanna. Félagar skiptust algerlega í tvö horn og margir sögðu sig úr samtökunum í kjölfarið. Formaður samtakanna hætti af persónulegum ástæðum í kjölfar deilnanna.

„Ég held að svona félagsamtök þrífist ekki nema það sé aktivismi innan þeirra. Í New York til dæmis er BDSM hluti af samtökunum þar. Það sem er ólíkt þar og hér heima er að hinsegin málefni fá ekki mikið pláss í fjölmiðlum. Þegar BDSM varð hluti af samtökunum þar kom ekkert í fjölmiðla og þau samtök eru ennþá virk. Ég held að þetta sé bara allt hið besta mál og veki umræðu og athygli. Ég vil trúá því. Þau eru með í göngunni í ár og með flottan boðskap.“

#### Sjálft út úr skápnum í skrefum

Eva María kom sjálf út úr skápnum 19 ára gömul, á Íslandi. En ekki fyrir fjölskyldu sinni á Ítalíu fyrr en á síðasta ári. „Það má segja að ég hafi lifað tvöföldu lífi í sitthvoru landinu. Ég kíkta út úr skápnum í nokkrum skrefum. Það var árið 1999 sem ég sagði frá því hér heima. Ég hafði nú sagt einhverjum vinkonum mínum að ég væri með blendnar tilfinningar og ég fengi ekki þetta kitl í magann eins og þær þegar við töluðum um stráka.“

Hún segir að það hafi reynst sér erfitt að taka skrefið. „Ég ólst upp á Ítalíu og þar eru hinsegin málefni skammt á veg komin. Ítalskur vinur minn lýsti þessu vel. Það er í lagi að vera hommi og lesbía en helst ekki í minni fjölskyldu.“

Eva reyndi að vera gagnkynhneigð. „Ég prófaði að eiga kærasta en það passaði ekki við mig. Þetta var smá ferli en ekkert mjög átakamið. Hins vegar hef ég soldið grínast með það að í rauninni kom ég ekki út fyrir fjölskyldunni minni á Ítalíu fyrr en á síðasta ári. Ég bjó í Napoli á Ítalíu sem er íhaldssöm borg, trúuð. Ítalska fjölskyldan mín er mjög gamaldags. Þetta var aldrei rætt. Mamma mín er íslensk en við fluttum út þegar ég var átta ára. Líf mitt á Ítalíu var ekki dans á rósum og ég kom til Íslands í leit að frelsi. Það var stórt stökk fyrir mig að koma. Ég kom bara ein en mamma mín býr enn þá á Ítalíu.“

Sjálft ætlar Eva að sjálfsögðu í gönguna, sem hún segir mikla skemmtun á ári hverju.

„Við höfum verið spurð af löggöngu hvað við gefum gestunum, hvort við látum þau fá róandi töflur. Það er einkennandi fyrir laugardagskvöldin hvað það er lítið um læti. Það er einhver gleðivíma sem leggst yfir borgina. Það er eitthvað ótrúlega fallett í loftinu sem gerir það að verkum að þú ert bara fáviti ef þú ætlar að vera með einhverja stæla þetta kvöld.“

**visir.is** Viðtalið má hlusta á í lengri útgáfu á Vísí, í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið.



# SAMSUNG SPARIDAGAR

fyrir heimilin í landinu

ecobubble  
þvottavélar

Við seljum eingöngu  
SAMSUNG  
með kolalausum mótör  
með 10 ára ábyrgð

Uppþvottavél í sérflokki  
með Waterwall tækni



AddWash

ecobubble  
TECHNOLOGY

SAMSUNG WW70  
7 KG. 1400 SN.  
KR. 94.900,-

SPARIDAGAVERÐ: 79.900,-



ecobubble  
TECHNOLOGY

SAMSUNG WW80  
8 KG. 1600 SN.  
KR. 119.900,-

SPARIDAGAVERÐ: 99.900,-



SAMSUNG DV80  
8 kg þurrkari  
KR. 159.900,-

SPARIDAGAVERÐ: 135.900,-



Framhlíð úr burstuðu stáli / Stillingar ofan á hurð, blár litur / Tekur 14 manna stell / 5 þvottakerfi / Starttímaseinkun / Orkunýtni A++ / Orkunotkun á ári (kWst) : 266 / Hljóðlát aðeins 41db / Stíllanleg efrigrind / Grind efst fyrir hnifapör með sérstökum "FLEX" bakka / 2 þvottaarmar + "WATERWALL" / Stærð (h x b x d): 817 x 598 x 575 mm

Kr. 199.900,-

SPARIDAGAVERÐ: 169.900,-

## Tilboð • Afslættir • Verðlækkun

Sjónvörp • Soundbar • Heimabíó • Heymartól • Tölvuskjái • Prentarar • Þvottavélar • Uppþvottavélar • Þurrkarar • Kæli- og frystiskápar • Örbylgjuofnar • Ofnar og helluborð



R1



M3



R7



HW-J460



R6



49"

Samsung  
SMART TV  
The Future of Smart TV. Now

SAMSUNG

LED • 1920X1080 • 400 PQI  
• Nýtt Smart viðmót

49" K5505 kr. 139.900,-

SPARIDAGAVERÐ: 118.900,-



55"


ULTRA  
HD

SAMSUNG

UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt  
Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

55" KU6405/6475 kr. 239.900,-

SPARIDAGAVERÐ: 199.900,-



55"

ULTRA  
HD

Curved

SAMSUNG

UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1500  
PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

55" KU6655/6505 kr. 249.900,-

SPARIDAGAVERÐ: 209.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800 • ormsson.is

SAMSUNG  
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 • SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------	--



## Kreppa



Fanney Birna Jónsdóttir  
fanney@frettabladid.is

**H**ún er undarleg staðan sem komin er upp á þinginu – í sumarfríinu vel að merkja þar sem hvorki er fundað né þingað.

Framsóknarmenn vilja ómögulega efna til kosninga í haust og koma með misgáfulegar útskýringar á því hvaða undur og stórmerki þurfi að eiga sér stað til að svo megi verða. Það þrátt fyrir skýr loforð nýs forsætisráðherra um kosningar í haust í stiga þinghússins í apríl. Klára þurfi „þau verkefni sem fyrirheit hafa verið gefin um að leysa á þessu kjörtímabili“.

Forsætisráðherrann fyrrverandi, sem hrökklaðist úr embætti forsætisráðherra eftir að hafa komið sér í ævintýralega vonda stöðu, bæði hér og erlendis, sendi flokksmönnum sínum bréf þar sem hann sagðist ekkert skilja í því að samstarfsflokkurinn hefði samið um það við flokkinn hans að flýta kosningum – eftir að hann sjálfur hafði rokið á fund forseta til þess að rjúfa þing án þess að ræða það við kóng eða prest.

Samstarfsflokkurinn veit ekkert hvaðan á hann stendur veðrið. Formaður sjálfstæðismanna talaði afar tæpitungulaust í síðustu viku þegar hann sagðist ekkert sjá sem gæti komið í veg fyrir kosningar í haust og nefndi október sem heppilegan kost. Mikilvægt væri að ekki væri mikill hringlandaháttur með þessa hluti og að staðið yrði við það sem sagt hefur verið um þessi efni. „Þetta stjórnarsamstarf var endurnýjað á þessum forsendum og það hafa engar forsendur breyst.“

Staðan er því ekki upp á marga fiska á stjórnarheimilinu þegar tíu dagar eru þar til þing kemur aftur saman. Framvindan verður áhugaverð.

En staðan er ekki síður eftirtektarverð hjá stjórnarandstöðunni. Formenn bæði Samfylkingar og Vinstri grænna hafa hafnað því að tilefni sé til að næsta kjörtímabil verði stutt, svo hægt sé að taka í notkun nýja stjórnskrá í samræmi við tillögur stjórnlagaráðs.

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pirata sem um þessar mundir er langstærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, lýsti því yfir í febrúar að ekki kæmi til greina að gera neinar tilslakanir á kröfum um stutt kjörtímabil og breytingar á stjórnskrá; hreyfingin muni ekki vinna með flokkum sem ekki samþykki það.

Bæði Katrín Jakobsdóttir og Oddný Harðardóttir segjast ekki sjá fyrir þessu rök og leggja enga áherslu á stutt kjörtímabil til að breyta stjórnskránni. Báðar segja þær önnur mál skipta jafn miklu máli.

Það verður að telja afar líklegt, ef ekki fullljóst, að kosið verður í haust. Um það virðist samstaða allra flokka á þinginu utan eins. En það virðist sem það stefni í afar erfiðar stjórnarmyndunarviðræður eftir kosningar. Deila Framsóknar og Sjálfstæðisflokks um tímasetningu kosninga er ekki eina dæmið um erfiðleika í samstarfi flokkanna á kjörtímabilinu. Kannanir sýna að meirihluti þessara tveggja flokka er næstum útilokaður. Og ef Píratar halda í bæði kannanafylgi sitt sem og þessa einstrengingslegu kröfu um stutt kjörtímabil án þess að nokkur styðji hana, er augljóst stjórnarmynstur hvergi í auglýsni.



Það virðist sem það stefni í afar erfiðar stjórnarmyndunarviðræður eftir kosningar.

Endalaust sumar

# ENDALAUS GSM

## 2.990 KR.

ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN\*

EKKI HAFNA ÁHYGGJUR AF SIMNOTKUNINNI Í SUMARI

Settu þig í samband og fáðu Endalaus GSM

1817 365.is

\*Greitt er aðallega fyrir forsmáttum erlendis, til dælanda og lípplýsingum. Nánari upplýsingar er að finna í GSM skilmálum á 365.is. 30 GB gagnamagn er ótakmarkað í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við ef farið er umfram 30 GB.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Að snúast eftir vindi**  
Að skreyta sig með stolnum fjöðrum virðist á einhvern hátt vera dyggð í íslenskum stjórnmálum. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði í gær að afturvirkar hækkunar bóta til bótapega í þessu landi væru óumflýjanlegar. Fyrir níu mánuðum var hann ekki þeirrar skoðunar og sagði stjórnarandstöðuna í tómri þvælu að biðja um slíkar hækkunar afturvirkir í síðustu fjárlagagerð. Ákvað hann því að greiða atkvæði gegn afturvirkum hækkunum. Nefndi hann það einnig að ríkisstjórnin væri að slá met í hækkunum á þessu kjörtímabili og því þyrfti ekki að hækka afturvirkir. Þetta verður trompið í næstu kosningabaráttu Sigmundar.

**Ramminn inn í þingið**  
Það er greinilegt á orðum formanns Framsóknarflokksins að hitti er farinn að færest í leikinn. Á meðan virðist einnig vera í uppsiglingu blóðug barátta um drög að skýrslu þriðja áfanga verkefnastjórnar rammaáætlunar. Virkjunarsinnar keppast við að vera sem harðorðastir í garð skýrsludraganna og sýna verkefnastjórninni í tvo heimana. Það er í raun merkið til að upphafi átti að koma ákvörðun um vernd og nýtingu úr þingsal og í faglegt ferli. Nú er það svo sannarlega að snúast við, búa til stríð um skýrsludrögin svo þingmenn geti aftur tekið ákvörðanirnar.  
sveinn@frettabladid.is

## Nýr miðbær í Garðabæ



Gunnar Einarsson  
bæjarstjóri  
Garðabæjar



**Við efnahagsbrunið 2008 var ákveðið að fresta framkvæmdum og breyta deiliskipulagi miðbæjarinnar m.a. með því að minnka verulega byggingarmagn á Garðatorgi.**

Það eru spennandi tímar í Garðabæ. Draumurinn um nýjan miðbæ er að verða að veruleika með nýjum fyrirtækjum og fjölmörgum nýjum íbúum. Það eru því vonbrigði að bæjarfulltrúinn María Grétarsdóttir, oddviti M-listans, ákveði að gera enn eina tilraun til að gera uppbygginguna þar tortryggilega í grein í Fréttablaðinu í gær.

María heldur því fram að Klasi hf., sem hefur séð um uppbygginguna í miðbænum, hafi fengið afhentar lóðir án þess að greiða fyrir þær eða byggingarrétt á þeim. Þessi dæmalaus málf lutningur hefur margoft verið hrakinn, en María lætur ekki segjast. Hið rétta er að Klasi keypti á árinu 2006 tvær lóðir á Garðatorgi, annars vegar Garðatorg 1 og hins vegar lóðina þar sem áður var bensinstöð en nú er húsið Garðatorg 4. Uppkaupsverðið var 1,2 milljónir króna og með þeirri upphæð greiddi Klasi fyrir byggingarrétt á lóðum við Sveinatungu, Kirkjulund og Garðatorg. Við efnahagsbrunið 2008 var ákveðið að fresta framkvæmdum og breyta deiliskipulagi miðbæjarinnar m.a. með því að minnka verulega byggingarmagn á Garðatorgi. Klasi, sem hafði með lóðakaupnum greitt fyrir alls 23.000 fm byggingarrétt á Garðatorgi, átti þá orðið inneign hjá bænum. Garðabær hefur ráðstafað til Klasa byggingarrétti upp í þann mismun, með úthlutun á fimm einbýlishúsalóðum sem er afar hagstæð ráðstöfun fyrir bæinn. Í upphaflegu skipulagi miðbæjar var gert ráð fyrir að þar yrði bílakjallari í eigu Garðabæjar og var haldið í þau áform enda er nægur fjöldi bílastæða forsenda þess að verslun og þjónusta þrífist. Að lokum má nefna að upphaflega var ætlunin að Garðabær byggði nýtt hús á Garðatorgi fyrir starfsemi Hönnunarsafns Íslands. Við endurskoðun skipulagsins var horfið frá því og í staðinn tók Garðabær á leigu hluta af húsinu Garðatorgi 1 fyrir Hönnunarsafnið. Þar er komin skýringin á leigugreiðslum Garðabæjar til Klasa sem María reynir einnig að gera tortryggilegar.

Málf lutningur bæjarfulltrúa M-listans veldur vonbrigðum. Það er auðvitað gott og nauðsynlegt að hafa aðhald en aðhaldið verður að vera málefnalegt og til þess fallið að byggja upp en ekki rífa niður. Mín sýn er til framtíðar, ég horfi björtum augum til næstu ára í nýjum og spennandi miðbæ Garðabæjar og ég skynja að það á við um flesta Garðabæinga sem ég hitti á förnunum vegi og til mín leita.



# Mörk mennskunnar

Í DAG



Bergur Ebbs

Það er vísindalega sannað að allir eru eins. Sami grauturinn. Litningar í spirál. 57% vatn. Síka-veirunni er alveg sama hvort þú ert bókasafnsfræðingur eða fitness-drottning. Þú getur lítið annað gert en að sýna hræðslu. Það er mannlegt. Kannski er lausnin við hina mannlega ástandi að borða chia-graut. Fara út að hlaupa. Ekki of langt samt því það skemmir hnén. Ekki of stutt heldur. Hjartað þarf að slá 135 sinnum á mínútu fyrir góða brennslu. Þessi vöðvabolti í kjarna hversrar manneskju sem eitt sinn var miðstöð tilfinninga. Það er vísindalega sannað að honum má skipta út fyrir hjarta úr svíni. Biddu bara. Svínið er á leiðinni inn í þig, svínið þitt.

Glæpum fer fækkandi. Það er vísindalega sannað. En barnaperrar eru perralegri en nokkru sinni fyrr. Gleraugu þeirra eru kámugri, bland í poka pokarnir útröðnari, aftursætin á bifreiðum þeirra grárrí og hrjúfari. Það náðist mynd af einum og hann var ekki maður heldur svín. Bleikur og þrúttinn með pínulítill augu og hrjúfa ljósa hárbrodda á höfðinu. Það er vísindalega sannað að mennskan var horfin. Hann var svín og hann ætlar að breyta börnunum þínum í svín. Það eyðileggur þig að verða fyrir glæp, skemmir þig og skilgreinir þig. Það er sálfræðilega og efnafraeðilega og réttarmeinafræðilega sannað. Þú ert það sem aðrir gera þér. Þú ert ekki það sem aðrir gera þér. Það er vísindalega sannað. Þú ert bara þú. Ekkert annað. 57% vatn. Ekkert annað. Bara þú og 57% vatn.

Þú ert múslimi. Þú ert þjáning fólks í Mið-Austurlöndum. Þú ert flóttamaður. Þú ert ekki flóttamaður. Þú getur ekki sett þig í spor annarra, svínið þitt. Hvað heldur þú að þú sért? Þú ert endur-

skoðandi, grautur af hugmyndum sem borðar chia-graut. Þú ert góður við börnin þín. Börnin þín eru flóttamenn. Það eru börnin þín sem er að skola upp á strendur Miðjarðarhafs. Gættu barnanna þinna, svínið þitt. Þetta eru ekki börnin þín, sjálfumgláða svín. Taktu Fisher Price leikföngin þín og settu þau í blenderinn og helltu þeim út í grautinn sem þú ert. Maðurinn étur allt. Hann hafnar aldrei neinu. Vertu velkomið inn í hjarta mitt, svín. Vertu hjarta mitt.

Þú ert með sterka réttlætiskennnd. Þú mátt ekkert aumt sjá. Þú ert aumingi. Það er hrokafulllt að vera ekki aumingi. Þú ert minni máttar. Þú ert áfall. Þú átt auðvelt með að setja þig í spor annarra nema spor þeirra sem eru með kámug gleraugu. Þú rist upp á afturlappirnar þegar aðrir þjást. Afturlappirnar, svínið þitt? Ertu ekki eitthvað að ruglast og halda að þú sért maður? Ertu að reykja hass? Áfengi er hættulegra en hass. Hass er hættulegra en áfengi. Pillur eru lausnin. Ekki gagnrýna þá sem taka pillur. Það er ekki tabú. Pillur eru hræðilegar. Gagnrýndu þá sem taka pillur. Ekki gagnrýna þá sem taka pillur. Allt þetta er vísindalega sannað.

Er heimurinn ruglandi? Veistu ekki hver þú ert? Taktu mynd af þér og póstaðu henni. Fáðu álit hinna. Og ef öllum er sama gerðu þá eitthvað róttækt. Óskraðu. Skjóttu úr byssu. Farðu úr skónum og leggstu á teppi. Nei. Litaðu hárið á þér blátt. Nei hvítt. Nei hafðu það rautt. Fokkit, hafðu það í öllum frönsku fánalitunum því #ÞúertCharlie nema þegar þú ert eitthvað annað. Ekki skilja útundan. Styddu alla, alltaf. Vertu regnbogi. Vertu BDSM. Ekki vera BDSM. Lastaðu ei laxinn, svínið þitt. Þú átt heima í drullu. Þú ert grautur. Nei þú ert



57% vatn. Þú ert tær þó hjarta þitt sé úr svíni. Svín gráta. Svín svitna. Svín fróa sér. Það er hollt að fróa sér. Það er ógeðslegt að fróa sér. Svín gera það. Stattu með sjálfum þér.

Þú ert maður. Þú ert kona. Konur eru ekki menn. Í mönnum er kvenlitningur. Menn vilja kúra. Menn eru með geirvörtur en þær mjólka ekki. Jú, þær mjólka. Það er vísindalega sannað þó það gerist sjaldan. Konur eru menn. Geirvörtur eru ekki kynfæri. Það er vísindalega sannað. Ef þú færð standpínu við að sjá geirvörtu ertu perri. Það er rangt að kalla fólk perra. Það er vísindalega sannað og lífnefnafræðilega réttmætt að móðgast yfir því. Ef þú ert í vafa kallaðu fólk svín. Bentu á stóra feita svínið í ræðustólum með sínar ógeðslegu svínaskodanir. Bentu á svínið og segðu svo að við séum öll eins. Settu þig í spor svínsins. Kjóstu svínið. Ekki fróa þér yfir klámi því það styður mansal. Fróðu þér yfir svínum. Svín eru með fjórtán geirvörtur. Það er vísindalega sannað að 60% þeirra eru kynfæri. Ekki fróa

þér yfir svínum. Fróðu þér yfir svínum. Ekki fróa þér yfir svínum nema þú sért sjálfur svín. Ekki fróa þér yfir sjálfum þér. Fróðu þér yfir sjálfum þér. Þú ert ekki tabú. Ekki fróa þér yfir sjálfum þér.

Það eru ekki til rök lengur. Það eru ekki til staðreyndir. Það eru ekki til vísindi. Siðferði er 60% óljósara en það var árið 2002. Það er vísindalega sannað. Þú ert svín. Þú ert chia-grautur. 57% vatn. Þú ert perri. Þú ert svín. Þú veist 20% meira en í fyrra. Þú veist ekkert. Ef þú ert ekki svín þá er þessi pistill ekki ætlaður þér, svínið þitt. Móðgastu samt. Það skilgreinir þig. Nei, þú þarft ekki skilgreiningu. Þú ert 57% vatn og restin einstök litningasósa í blender sem þú póstaðir á Instagram. Það er vísindalega sannað að það er ómannlegt að vera mennskur. Tattúeraðu það á hjarta þitt, það er það eina sem þú getur ekki svitnað út. Tattúeraðu það á 135 slaga á mínútu tifandi hjarta þitt, vísindalega sannaða yndislega ljósbleika sjálfsfróandi efnafraeðilega siðferðislega þenkjandi svínsfleskið sem þú kallar hjarta þitt.



**Pillur eru lausnin. Ekki gagnrýna þá sem taka pillur. Það er ekki tabú. Pillur eru hræðilegar. Gagnrýndu þá sem taka pillur.**

## Hinsegin í útlöndum



Lilja Dögg Alfredsdóttir  
utanríkisráðherra

Á morgun göngum við til gleði. Ísland hefur um árabíl verið í hópi forysturíkja hvað varðar virðingu fyrir mannréttindum hinsegin fólks. Árangursrík barátta gegn hvers konar fordómum og mismunun á grundvelli kynhneigðar og kyngervis hefur aukið fjölbreytileika í þjóðfélaginu.

Viða um heim er það þó svo að hinsegin fólk er ofsótt og nýtur ekki grundvallarmannréttinda. Í sumum ríkjum er samkynhneigð álitin glæpur og stjórnvöld hika ekki við að skerða frelsi og réttindi hinsegin fólks. Í fjölmörgum ríkjum hafa lagalegar og samfélagslegar breytingar átt sér stað að undanförunu sem bætt hafa stöðu hinsegin fólks en hatursglæpir á borð við nýlega árás í Orlando sýna að viða er mikið verk óunnið.


Íslensk stjórnvöld beita sér fyrir

mannréttindum hinsegin fólks í tvíhliða samskiptum við önnur lönd og á vettvangi alþjóðastofnana. Stundum er á brattann að sækja en í góðu samstarfi við Norðurlönd og aðra má finna leiðir til þess að knýja fram úrbætur. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland gagnrýnt mannréttindabrot og bent á skuldbindingar ríkja til að vernda og virða mannréttindi allra. Þá eru réttarbætur hinsegin fólks ávallt á dagskrá í samskiptum við stjórnvöld ríkja þar sem úrbóta er þörf.

Glögg er gests augað og með alþjóðlegu samstarfi gefst einnig kostur á úrbótum heima fyrir. Þannig veitir ný skýrsla stjórnvalda til mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna góða yfirsýn um stöðu mála hérlandis og þann árangur sem náðst hefur, en einnig aðhald þar sem gera má betur. Á haustmánuðum munu stjórnvöld svo njóta liðsinnis Mannréttinda- og lýðræðisstofnunar ÖSE til að efla þekkingu og störf gegn hatursglæpum í íslensku þjóðfélagi.

Saman viljum við stuðla að því að réttur milljóna hinsegin fólks verði virtur í hvívetna og mannlíf í sinni fjölbreyttustu mynd fái blómstrað.

## Ekki fara í skiptinám



Björg Steinunn Gunnarsdóttir  
fyrirverandi skiptinemi

Þú ert rifinn frá fjölskyldu þinni og þér er hent yfir hálfan hnöttinn þar sem þú þekkir engan né neitt. Þú getur ekki tjáð þig og þarft að treysta á að brosið þitt sé nógu breitt í þeim tilgangi að eignast vini. Þú þarft að gleyma öllu sem þú hefur lært og gersamlega að

endurskapa þig til þess að blandast inn í menninguna.

Síðan þegar þú ert loksins farinn að ná tókum á hlutunum er þér aftur kastað í burt. Þú eignast ekki aðeins vini frá landinu sem þú dvelur í heldur eignastu vini úr öllum heimshornum. En skyndilega eru allir vinir þínir farnir til baka í sitt hvor heimshornin.

Með þeim áttu svo sameiginlegt að þegar þú loksins kemur heim ertu ekki lengur heima. Svo virðist sem hjarta þitt hafi sundrast í þúsund mola sem dreifðu sér yfir allan hnöttinn. Þú ert dæmdur til að reika um jörðina og tina saman brotin, eitt í einu.

**BEKING · REYNSLA · GÆÐI**  
**Osta HÚSIÐ**  
**STOFNAÐ 1992**

**3 LÚFFENGIR**  
**RJÓMAOSTUR**  
**FRÁ OSTA HÚSINU**

PIPAR RJÓMAOSTUR  
Cream cheese with pepper

HREINN RJÓMAOSTUR  
Cream cheese

HVÍTLAUKS RJÓMAOSTUR  
MEÐ GRASLAUK  
Cream cheese with garlic and chives



**25%  
AFSLÁTTUR**  
AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM  
OG PENNAVESKJUM  
DAGANA  
5.-10. ÁGÚST

Allt úrval fæst í Smáralind, Kringlunni, Skeifu og hagkaup.is, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.



Gildir til 7. ágúst á meðan birgðir endast.



**Pukka te**  
Lífrænar gæða jurtir í hverjum poka.



**Lizy's granóla**  
Hver annarri betri

**TILBOÐ**  
**25%**  
afsláttur á kassa



**569** kr/stk  
verð áður **759**

**Tradizionale pizzur**  
Hver er þín uppáhalds?

**TILBOÐ**  
**20%**  
afsláttur á kassa



**NOW vítamín**  
Öll NOW vítamín á 20% afslætti.



**Ný uppskera af íslensku grænmeti**  
Frábært úrval.

*Santa Maria*



**Santa Maria kryddkvarnir**  
Ferskara krydd - nýmalað.

**LÍFRÆN KRYDD FYRIR ALLAR MÁLTÍÐIR**





# GRÍSARIF

Fullelduð, aðeins 10 mín. á grilli,  
4 tegundir af BBQ sósum



Extra mikil BBQ sósa í pakkningunum til að pensla eftir hitun.



- Sweet Baby Ray's hunangs
- Sweet Baby Ray's Original



- Kaldi BBQ
- Kaldi rótarbjórs BBQ



TILBOÐ  
**30%**  
afsláttur á kassa

**KINDAFÍLE**

**3.266** kr/kg  
verð áður **4.666**



Argentínu  
marinerað



TILBOÐ  
**25%**  
afsláttur á kassa

**LAMBA-  
LÆRISSNEIÐAR**

**2.399** kr/kg  
verð áður **3.199**



TILBOÐ  
**25%**  
afsláttur á kassa

**BLÁBERJALÆRI  
HÁLFURBEINAD**

**1.874** kr/kg  
verð áður **2.499**



TILBOÐ  
**20%**  
afsláttur á kassa

**UNGNAUTAHAKK**

**1.815** kr/kg  
verð áður **2.269**



TILBOÐ  
**25%**  
afsláttur á kassa

**MARINERAÐ  
GRISAFÍLE**

**1.724** kr/kg  
verð áður **2.299**

## HVER ER ÞINN UPPÁHALDS?



mint  
leaves &  
chocolate

dulce de  
leche

belgian  
chocolate

pralines  
& cream

salted  
caramel

vanilla

strawberries  
& cream

cookie &  
dough chip

cookies  
& cream

chocolate  
salted  
caramel

**HAGKAUP**  
Sæmmtilegast að versla




FRÉTTABLAÐIÐ **SPORT**

# Íslenskar íþrottakonur í meirihluta í fyrsta sinn á ÓL

Fimm konur skipa átta manna Ólympíulið Íslands í Ríó. Þetta er í fyrsta sinn í keppnissögu Íslendinga á sumarólympíuleikum þar sem konur eru í meirihluta. Leikarnir í Ríó eru því þegar orðnir sögulegir.

## /// Karlar og konur í ÓL-liði Íslands undanfarin 60 ár



Óskar Ófeigur Jónsson  
ooj@365.is

Íslenskar konur hafa eiginlega átt sviðið í íslenskum einstaklingsíþróttum síðustu árin enda eigum við m.a. sundkonur sem hafa unnið til fleiri en einna verðlauna á stórmótum og frjálsíþróttakonur sem hafa komist í úrslit á fleiri en einu stórmóti.

Það þarf því kannski ekki að koma mikið á óvart að íslensku íþróttakonurnar séu í meirihluta í Ólympíuliði Íslands á 31. sumarólympíuleikum í Ríó í Brasilíu. Það kemur kannski fleirum á óvart að þetta sé að gerast í fyrsta sinn hjá Íslandi á sumarólympíuleikum nú þegar íslenskir íþróttamenn eru að fara að keppa á sínum 21. leikum.

Íslenskar konur höfðu náð einu sinni að vera jafn margar körlunum, eða á leikunum í Sydney árið 2000. Nú eru þær 63 prósent af íslenska Ólympíuliðinu. Fyrir þessa leika höfðu íslenskar íþróttakonur aðeins

## /// Íslensku konurnar sem keppa á ÓL 2016 í Ríó

<b>Ásdís Hjálmsd.</b>	<b>Aníta Hinriksd.</b>	<b>Irina Sazonova</b>	<b>Eygló Ósk Gústafsd.</b>	<b>Hrafnhildur Lúthersd.</b>
<b>Aldur:</b> 30 ára	<b>Aldur:</b> 20 ára	<b>Aldur:</b> 24 ára	<b>Aldur:</b> 21 árs	<b>Aldur:</b> 25 ára
<b>Grein:</b> Spjótkast	<b>Grein:</b> 800 m hlaup	<b>Grein:</b> Fimleikar	<b>Grein:</b> Sund	<b>Grein:</b> Sund
<b>Dags.:</b> 16. ágúst	<b>Dags.:</b> 17. ágúst	<b>Dags.:</b> 7. ágúst	<b>Dags.:</b> 7. & 11. ágúst	<b>Dags.:</b> 7. & 10. ágúst

verið sautján prósent þátttakenda í Ólympíuliðum Íslands á sumarleikum (50 af 294). Það er í raun bara í sundi þar sem talan er nánast jöfn, 26 karlar á móti 24 konum. Í öllum hinum greinum hefur hallað verulega á íslenska kvenfólkið. Þessi tala mun og verður að jafnast á komandi leikum.

Ásdís Hjálmsdóttir er nú mætt á sína þriðju Ólympíuleika en ólíkt

síðustu leikum í London þar sem hún var eina frjálsíþróttakonnan hefur hún hina ungu og stórefnilegu Anítu Hinriksdóttur sér við hlið. Þórey Edda Elisdóttir fór líka á þrenna Ólympíuleika í röð á árunum 2000 til 2008 en hún og Ásdís eru þar í afar fámennum hópi íslenskra íþróttakvenna. Handbolotalandsliðið hefur að vissu leyti skekkt aðeins myndina á síðustu leikum enda voru íslenskar konur t.d.

í meirihluta í einstaklingsíþróttum á leikum í Peking 2008. Ásdís var þá í hópi með Þóreyju Eddu, fjórum sundkonum og badmintonkonunni Rögnu Ingólfsdóttur.

Sundkonurnar hafa eins og áður sagði haldið uppi þátttakendafjölda íslenskra kvenna á leikum síðustu áratugin en nú heyrja b-lágmörkin sögunni til og því hefur aldrei verið erfiðara fyrir sundfólkið að komast inn. Það stoppaði þó ekki þær Eygló Ósk Gústafsdóttur og Hrafnhildi Lúthersdóttur sem eru búnar að vera með Ólympíusætið sitt gulltryggt í meira en ár. Fleiri íslenskar konur skrifa söguna á þessum leikum því Irina Sazonova verður þá fyrsta íslenska fimleikakonnan til þess að keppa á Ólympíuleikum.

Hér á síðunni smá sjá yfirlit yfir skiptingu íslensku keppendanna á Ólympíuleikum undanfarna sex áratugi eða síðan Vilhjálmur Einarsson vann silfrið eftirminnlega í Melbourne í Ástralíu. Það sést svart á hvítu hversu sérstakur Ólympíuhópur Íslands er sem gengur inn á setningarhátiðina á Maracana-leikvanginum í Ríó í kvöld.

## Nýjast

### Pepsi-deild karla

#### Stjarnan - Víkingur 3-0

1-0 Hilmar Árni Halldórsson (18.), 2-0 Guðjón Baldvinsson (52.), 3-0 Marko Perkovic, sjálfsmark (84.).

Stjarnan vann sinn fjórða leik í röð þegar Víkingar komu í heimsókn. Víkingar voru ósáttir við störf dóm- aratriósins en þeir skoruðu mark sem átti líklega að standa.

Efst	Neðst
FH 28	Víkingur R 18
Stjarnan 26	Víkingur Ó 18
Fjöltnir 23	KR 16
Breiðablik 23	ÍBV 14
ÍA 19	Fylkir 9
Valur 18	Þróttur 7

### Pepsi-deild kvenna

#### Breiðablik - Selfoss 0-0

Blikar misstu af tækifæri til að komast á topp deildarinnar þegar þeir gerðu markalaust jafntefli við Selfoss á heimavelli.

### Inkasso-deild karla

#### Haukar - Fram 3-1

1-0 Elton Renato Livramento Barros (7.), 1-1 Ivan Bubalo (63.), 2-1 Aran Nganpanya (67.), 3-1 Barros (69.).

#### Leiknir R. - Selfoss 0-3

0-1 James Mack (5.), 0-2 Ivan Martinez Gutierrez (39.), 0-3 Ingi Rafn Ingibergsson (66.).

## Selfyssingar flottir í Breiðholti í kvöld. Kraftur, liðsheild og stemning. Gunnir Borgþórs að gera flotta hluti.

Magnús Már Einarsson  
@maggimar

JAKOB HÆTTUR Í LANDSLIÐINU Kjörfuboltaaðurinn Jakob Örn Sigurðarson hefur lagt landsliðs-skóna á hilluna. Í samtali við Vísi sagði Jakob að ástæðan fyrir þessari ákvörðun væri að hann vildi eyða meiri tíma með fjölskyldu sinni. Sextán manna hópur Íslands fyrir undankeppni EM 2017 var kynntur í gær en hann má sjá í heild sinni inni á Vísi. Pavel Ermolinskij verður ekki með í undankeppninni vegna meiðsla en annars er íslenski hópurinn nokkuð hefðbundinn.

## ÞORMÓÐUR ÁRNI FÁNABERI

Júðókappinn Þormóður Árni Jónsson verður fánaberi Íslands á setningarhátið Ólympíuleikanna í Ríó á morgun. Þetta eru þriðju Ólympíuleikar hins 33 ára gamla Þormóðs en hann var einnig með á ÓL í Peking 2008 og London 2012. Þormóður byrjaði

að æfa júdo aðeins sex ára gamall og stefndi alltaf að því að ná langt í íþróttinni. Þormóður keppir í +100 kg flokki.



## Í dag

18.45 Fulham - Newcastle Sport  
19.00 Travelers Champ. Golfstöðin

19.15 Huginn - KA Seyðisfjörður



## LITFÖGUR VEISLA Í VÍÐSÝNNA SAMFÉLAGI

Þótt íslenskt samfélag sé orðið mun opnara og víðsýnna en áður gagnvart hinsegin fólki má ekki slaka á í baráttunni fyrir fullu jafnrétti að mati **Gunnlaugs Braga Björnssonar**. Hinsegin dagar ná hápunkti sínum á morgun þegar Gledigangan fer fram.

Lífsspill

REYKJAVÍK  
LOVES





„Það eru ekki nema rúm 20 ár síðan hinsegin fólk gekk frelsisgöngur í Reykjavík í von um atvinnuöryggi og rétt til mannlegrar reisnar,” segir Gunnlaugur Bragi. MYND/HANNA.

#### Starri Freyr Jónsson

starri@365.is



Mikið hefur mætt á Gunnlaugi Braga Björnssyni og félögum hans í stjórn Hinsegin daga undanfarnar vikur en hátíðin hófst í Reykjavík síðasta þriðjudag. Hápunktur Hinsegin daga er um helgina en búast má við tugum þúsunda landsmanna og erlendra gesta í miðbæ Reykjavíkur á morgun þegar gleðigangan fer fram.

Hinsegin dagar voru fyrst haldnir í Reykjavík árið 1999 og eru hátíðahöldin í ár því þau átján ánda í röðinni. Gríðarlega margt hefur breyst frá fyrstu hátíðinni að sögn Gunnlaugs og mikið áunnist á þessu tímabili. „Stundum grínast ég með það að ég sé í raun algjör bómullarhommi. Ég er fæddur árið 1989, kem út úr skápnum 21 árs gamall árið 2010, og nýt fullra réttinda þó að kynhneigð mín sé önnur heldur en meirihlutans. Fjölskylda og vinir tóku fréttunum vel og ég hef ekki fundið fyrir beinum fordómum. Helstu fordómarnir sem ég hef upplifað eru mínir eigin.“

Þar vísar hann í vanþekkingu

una og hræðsluna sem bjó innra með honum frá barnsaldri og kom í veg fyrir að hann skildi sjálfan sig. „Þá meina ég staðalmyndirnar sem samfélagið kenndi mér og stóðu í vegi fyrir því að ég gæti verið stoltur af því sem ég er. Eftir að hafa yfirstigið þann ótta og kynnst fólki sem ég gat samsamað mig hefur vegur minn verið beinn og breiður. Samfélagið er orðið mun opnara og víðsýnna en áður en samt sem áður er til eitthvert samfélagslegt norm sem erfitt getur verið að viðurkenna að maður tilheyrir ekki, sama hvort ástæðan er kynhneigð, kynvitund eða eitthvað allt annað.“

#### MARGT HEFUR BREYST

Hann segir veruleika fólks á sínum aldri allt annan en eldri kynslóða. Sem dæmi nefnir hann lagið um strákana á Borginni sem Bubbi Morthens gaf út árið 1984, þá samið um raunveruleika þess tíma þegar dyraveðir skemmtistaða náddust á samkynhneigðum gestum. „Umræða um aðra hópa sem í dag tilheyra hinsegin samfélaginu þekktist ekki. Það eru ekki nema rúm 20 ár síðan hins-

egin fólk gekk frelsisgöngur í Reykjavík í von um atvinnuöryggi og rétt til mannlegrar reisnar.“

Regnboginn sem málaður var á tröppur MR að frumkvæði Hinsegin daga og Reykjavíkurborgar í vikunni er einnig skemmtileg mælistika á það hvernig viðhorfið hefur breyst. „Þangað streymir hópur fólks á öllum aldri til að skoða, taka myndir og njóta. Samfélagsmiðlarnir bera svo myndirnar og stemninguna langt út fyrir landsteinana. Í gær stóð ég við regnbogatröppurnar og horfði á börnin leika sér og ástfangin þör taka myndir af sér. Þá heyrði ég þrjár vinkonur á aldur við ömmu mína segja sín á milli: „Mikið óskaplega er þetta fallegt og skemmtilegt að fjölbreytileikinn fái að njóta sín svona.“ Ég var ansi meyr fyrir en við þetta klökknaði ég.“

#### EINFALT MARKMIÐ

Hátíðin hefur stækkað hratt undanfarin átján ár. Upphaflega var hún ein helgi þar sem 2.000 gestir tóku þátt. Í dag eru Hinsegin dagar sex daga mannréttinda-, menningar- og margbreytileikaveisla sem laðar til sín nær þriðjung þjóðarinnar og nær óbeint til enn fleiri, bæði hér heima og erlendis. „Það er af mörgu að taka þegar kemur að því sem hefur áunnist á þessum tíma. Þar má m.a. nefna bættu löggjöf þar sem ein hjúskaparlög og lög um réttarstöðu transfólks tróna á toppnum. Þá hefur samfélagið opnast mikið sem lýsir sér t.d. í auknum skilningi, víðsýni og hispursleysi. Við getum rætt málin á opinskárri hátt en áður. Með aukinni notkun internetsins er auðveldara að halda úti umræðu og fræðslu og almenningur á mun hægara um vik að leita sér upplýsinga um allt milli himins og jarðar.“

Í grunninn er markmiðið nefnilega ekki svo flókið að sögn Gunnlaugs. „Við viljum búa í samfélagi þar sem sjálfsákvörðunarréttur okkar allra er virtur og við getum



Gunnlaugur Bragi í Gleðigöngunni á síðasta ári.

öll verið við sjálf óháð kyni, kynhneigð, kynvitund og svo framvegis.“

#### SAGAN Í FORGRUNNI

Áhersla hátíðarinnar í ár er á söguna og þá sem hófu baráttuna á sínum tíma. Gunnlaugur segir þessa þætti mjög mikilvæga, ekki síst sé nauðsynlegt að minnst þess sem á hefur gengið. „Saga hinsegin fólks á Íslandi hefur í gegnum árin verið falin og samfélagið ritskoðað hana gríðarlega. Lítið er til af skrásettum heimildum um sögu og baráttu hinsegin fólks og hafa t.d. sögur um samkynja ástir oft verið fjarlægðar úr dagbókum og frásögnum í gegnum árin.“

Hann bendir á að nauðsynlegt sé að þekkja til atburða fortíðarinnar til að kunna að meta hvar við erum í dag og sjá hvert við viljum komast. Um leið þurfum við að vera vakandi fyrir því hvar við gætum lent ef við sofnum á verðinum. „Við þurfum að halda baráttunni fyrir fullu jafnrétti áfram og á sama tíma að fyrirbyggja bakslög. Því miður sjáum við dæmi þess erlendis að réttindi ákveðinna hópa, t.d. hinsegin fólks, minnki með tímanum. Enn eru í gildi lög erlendis sem svipta hinsegin fólk tilverurétti sínum og dæmin sanna að því miður þarf lítið annað en eitt pennastrik til að afturkalla þær réttarþætur sem hingað til hafa áunnist.“

#### FJÖLBREYTT DAGSKRÁ

Dagskrá Hinsegin daga er fjölbreytt að venju og ókeypis er inn á flesta viðburði. „Stundum þegar stressið er hvað mest er því kastað fram hvort ekki væri best fyrir andlega heilsu stjórnarinnar að stytta hátíðina aftur. Þegar svo kemur að því að púsla dagskránni saman kemur hins vegar í ljós að í raun þyrfti hátíðin frekar að vera tíu dagar ef koma ætti inn öllum þeim skemmtilegu ábendingum sem við fáum.“

Hver hátíð er ákveðin nýjung að sögn Gunnlaugs þó vissulega sé haldið í ákveðnar hefðir. „Opnun

hátíðarinnar var regnbogamálun með borgarstjóra, annað árið í röð. Þar held ég að við séum komin með nýja, fallega hefð þó vonandi verði nýr staður fyrir valinu á hverju ári. Opunarhátíð á fimmtudagskvöldi, gleðigangan, útihátíðin og Pride-ballíð eru svo einnig dæmi um fasta liði þó svo að gleðiganga hvers árs sé í raun einstakur viðburður sem skrifar sig sjálfur og kemur stjórn hátíðarinnar í raun jafn mikið á óvart og öðrum gestum.“

#### DANSAD OG GRÁTÍÐ

Helgin framundan verður því annasöm hjá Gunnlaugi, líkt og síðustu vikur. „Í dag eru skemmtilegir viðburðir sem ég mun mæta á, t.d. fræðsluerindi um íþróttir og hómófóbíu, hýr bókmenntaviðburður, hinsegin siglingin „Stolt siglir fleyði mitt“, uppstand og tvö böll.“

Stóri dagurinn er hins vegar á morgun og þá dugur ekkert annað en að mæta niður í miðbæ kl. 7 í fyrramálið til að undirbúa stóra sviðið, gönguleiðina og sölubása. „Þaðan liggur leiðin í smink og fataskipti áður en stjórn Hinsegin daga rennur af stað á vagni í gleðigöngunni. Eftir að dagskrá lýkur þarf að koma miðborginni aftur í upphaflega mynd á metttíma og ná sturtu og fataskiptum fyrir kvöldverð. Síðan fer ég á Pride-ballíð á Bryggjunni þar sem Sigga Beinteins og Stjórnin munu halda uppi stuðinu. Ég er strax farinn að hlakka til að dansa og gráta af mér mesta spennufallið það kvöld.“

Gunnlaugur ætla að leyfa sér þann munad að sofa órlítið út á sunnudaginn en þó er stefnan sett á hýran bröns á Bryggjunni um hádegisbil. „Svo ætla ég að líta á fjölskylduhátíð á Klambatúni áður en hátíðinni verður endanlega pakkað ofan í kassa, í orðsins fyllstu merkingu. Stærsta hátíð landsins er nefnilega geymd í nokkrum tugum plastkassa, 11 mánuði á ári. Dagskránni lýkur svo með sögukvöldi á KaffiSlipp og tónleikum á Kiki á sunnudagskvöld.“

Heilsuréttir fjölskyldunnar

Gulrótarbuff

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, vera@365.is, s. 512 5357 | Sölu menn: **Atli Bergmann**, atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage**, johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429



**ora**

Ástríða í matargerð



# Njóttu

Grillum saman í sumar

[www.ora.is](http://www.ora.is)



# ERFITT AÐ KLÚÐRA GÓÐUM FISKI

Fiskur ætti að njóta meiri vinsælda á grill landsmanna enda er hann eitt besta og ferskasta hráefni sem okkur býðst. Í dag selja fiskbúðir og verslanir úrval af ferskum fiski og tilbúnum fiskréttum sem bjóða upp á spennandi möguleika.

Fiskur er eitt besta og ferskasta hráefni sem Íslendingar geta nálgast og eiginlega synd að hann hafi ekki notið meiri vinsælda undanfarið ár sem grillmatur að mati Helenu Gunnarsdóttur, sem rekið hefur matarbloggið Eldhúspærlur í tæp fjögur ár. „Ég held samt að fiskurinn sé að koma sterkur inn og mér sýnist færast sífellt meira í vöxt að fólk grípi í fisk á grillið. Í dag bjóða fiskbúðir upp á fjölbreyttara úrval en áður og það er bæði fljótlegt og ljúffengt að grípa tilbúna fiskrétti á grillið. Svo eru möguleikarnir endalausir þegar kemur að eldunaraðferðum, kryddun og meðlæti.“

Þegar fiskur er grillaður þarf helst að hafa í huga að hitinn á grillinu sé í lagi. „Blússandi heitt grill og hreinar grillgrindur sem hafa verið penslaðar með smá olíu eru góð byrjun. Eins og með kjöt þá má alls ekki ofelda fiskinn og svo er mjög gott að taka hann af grillinu rétt áður en hann er alveg eldaður í gegn og láta hann hvíla í 5-10 mínútur. Að þeim tíma liðnum ætti hann að vera tilbúinn og safaríkur.“

## NYR FISKUR AÐALMÁLIÐ

Þegar fiskur, sem er laus í sér, er grillaður er hægt að nota þar til gerðar fiskigrindur sem fást víða. „En aðalatriðið er í raun að kaupa nýjan fisk, hann gerir gæfumuninn. Ef fiskurinn er nýr og góður þá verður lokaútkoman góð og litlu hægt að klúðra. Þorskur, humar, lax, bleikja og skötuselur er í mestu uppáhaldi hjá mér en villtur lax er alveg í sérstöku uppáhaldi. Ég hef ekki ennþá prófað að grilla beikonvafinn skötusel eins og hálf þjóðin en hugsa að ég láti verða af því í sumar, hljómar eins og besta steik.“

## ÓÞRJÓTANDI MÖGULEIKAR

Þegar kemur að kryddi eða með-



„En aðalatriðið er í raun að kaupa nýjan fisk, hann gerir gæfumuninn,“ segir Helena Gunnarsdóttir. MYND/HANNA

læti með grilluðum fiski eru möguleikarnir nær óþrjótandi að sögn Helenu. „Ef ég er að flýta mér mikið nota ég bara salt og pipar eða sítrónupipar sem klinkkar seint. Annars fá alls konar marineringar og krydd að fljóta með fiskinum.“

Sem meðlæti finnst henni gott að hafa gróft skorna tómata, lauk, spínat og fetaost sem er allt sett saman í fat með ólífuolíu og smá vatni, og skellt á grillið í 15-20 mínútur. „Fennel er líka ákaflega gott með fiski sem og blómkaal og auðvitað nýjar íslenskar kartöflur. Alls konar ávextir geta líka verið góðir og ferskir á móti t.d. feittum fiski eins og laxi og lúðu. Sem sagt endalausir möguleikar og um að gera að prófa sig áfram og finna út hvað manni finnst best.“

## GRILLAÐUR LAX MEÐ HIMNESKRI MARINERINU

Þessi réttur er með betri fiskréttum sem ég hef bragðað. Hér er óþarfi að nota grillbakka eða



Gómsætur grillaður lax með himneskri marineringu.



Chili leikur stórt hlutverk í salati með grilluðum tigrisrækjum.

álpappírsvasa heldur er laxabitum skellt beint á rjúkandi heitt grillið. Gott er að vera vopnaður góðum spaða og passa þarf að ofelda ekki laxinn. Því er best að taka hann af grillinu rétt áður en þið haldið að hann sé tilbúinn og leyfa honum að jafna sig á diskum í 5-10 mínútur.

### Marinerung:

2 msk. dijon-sinnep  
1 msk. hunang  
4 msk. sojasósa  
6 msk. ólífuolía  
1 hvítlausrif, rífið eða smátt saxað  
2 lítill laxaflök  
Saxaður vorlaukur til að strá yfir í lokin

Breinhreinsið laxaflök og sker-ið í passlega bita. Hrærið öllu innihaldinu í marinerunguna saman og hellið helmingnum yfir laxinn. Látið standa í 10 mínútur og grillið svo á vel heitu grilli, fyrst á fiskhliðinni. Snúðið við eftir 2-3 mínútur og klárið að elda á roðhliðinni. Takið laxinn úr roðinu og berið fram með restinni af marinerungunni, söxuðum vorlauk og einföldu fersku salati.

### SALAT MEÐ GRILLUÐUM TÍGRISRÆKJUM Á SPJÓTI OG KALDRI CHILI-SÓSU

#### Tigrisrækjur:

2 poka tigrisrækjur (um 600 grömm)  
3 msk. ólífuolía

1 hvítlausrif, smátt saxað  
½ tsk. rauðar chili-flögur  
2 msk. söxuð fersk steinselja  
1 sítróna, borkurinn og safinn úr hálfri.  
Salt og pipar

#### Salatið:

Gott grænt salat, t.d. blaðsalat, spínat og lollo rosso  
Lárpera  
Tómatar  
Kókosflögur  
Sólþurrkaðir tómatar  
Ólífuolía, t.d. sítrónuolía, salt og pipar og sítrónusafi

#### Sósan:

1 msk. majónes  
4 msk. sýrður rjómi  
1 msk. Sambal oelek  
chili-mauk

Tigrisrækjur látnar þiðna og settar í skál. Ólífuolíu, hvítlauk, chili-flögum, steinselju, rifnum sítrónuberkinum, sítrónusafa, salti og pipar hrært saman og hellið yfir rækjurnar. Smakkið marinerunguna til áður en henni er hellið yfir. Rækjur þræddar upp á spjót og gott er að nota tvö spjót, hlið við hlið, svo auðveldara sé að snúa þeim.

Innihald salatsins sett í stóra skál og sósan útbúin. Grillið rækjurnar á útgriðinu við háan hita í 3-5 mínútur á hvorri hlið og berið þær fram volgar ofan á salatinu ásamt chili-sósunni.

### GRILLAÐIR ÞORSKHNAKKAR MEÐ SÆTU OG STERKU MANGO CHUTNEY

800-900 g þorskhnakkar (lax og bleikja passar líka vel)  
1 lítill laukur, smátt saxaður  
2 msk. saxað ferskt engifer  
2 msk. ólífuolía  
1 tsk. cummin (ekki kúmen)  
1 tsk. kóríanderduft  
½ tsk. turmerik  
½-1 tsk. chili-mauk (t.d. Sambal oelek)  
1 tsk. sjávarsalt  
1 vænt þroskað mangó, skorið smátt  
½ til 1 dl hunang (eftir smekk)  
½ dl hvítvínseidik  
½ dl vatn

Steikið laukinn í ólífuolíu þar til glær. Bætið engiferi og öllu kryddinu saman við laukinn og steikið aðeins áfram. Setjið þá mangóið út í ásamt hunangi, vatni og ediki. Hleypið upp að suðu. Látið malla við vægan hita í 15-20 mínútur eða þar til chutneyið þykknar. Smakkið til með hunangi og kryddum ef ykkur finnst vanta. Smyrjið vel af köldu chutneyi á þorskhnakk og grillið við rúmlega meðalháan háan hita í 10 mínútur, gjarnan í grillgrind eða á götuðum álþakka. Berið restina af chutneyinu svo fram með fiskinum.

**SALE**  
**40% - 70%**  
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

Parisartizkan  
SKIPHOLTI 29B - S:551 0770





VERÐHRUNIÐ  
ER HAFIÐ!

60%  
AFSLÁTTUR

*hjá*  
**Hrafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)



## BÍLAR & FARARTÆKI

**bilfang.is**  
S. 567 2000



### 7 MANNA / LIMITED !

Landrover Discovery 4 LTD 04/2014 ek 53 þ.km Hvítur blackline hlaðinn búnaði verð 11.9 mil ! Raðnr 129633

Bílasalan Bílfang  
Malarhöfða 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 2000  
Seljum í dag!  
www.bilfang.is



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

við þú að...  
Óþeirðir tölur hafa áhrif á börn.

## VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka  
Skútuvoigi 8, 104 Reykjavík  
Sími: 567 6700  
24 tíma þjónusta  
http://www.vakahf.is

## 100 bílar.is



Honda C-RV Elegance, 6/2015, ekinn 66.000, leður, bensín, ssk, flottur bíll, á staðnum, tilboðsverð 4650,- þús, ásett verð 5190,- þús, raðnr 220536

100 bílar ehf  
í miðbæ Mosfellsbæjar,  
Sími: 517 9999  
Opíð 10-18.00 virka daga, lokað laugardaga  
www.100bilar.is

## Bílar til sölu



### TOYOTA AVENSIS 2003 - 790.000 KR

TOYOTA AVENSIS WAGON SOL árg. 2003. Ekinn 235.000 Sjalfskiptur. Vél upptekinn hjá Toyota í 84 þús km. er því ekinn 151 þús. frá upptöku. Skygðar rúður Allt nýtt í bremsum. Hjólaegur framan. Ný smurður. Uppl. í síma 8220102 Verð 790.000. Bein sala



### 3 HEIL SÆTI Í AFTURRÖÐ

Peugeot 5008 árg. '13 ek. 57 þús. beinsk. bensín 1600. Kr. 2490 þús. S: 8247590



Land Cruiser 150GX 2012 Ekinn 81000 km. ssk. leður, dráttarkúla, ný dekk, ný skoðaður. Næsta skoðun 2018. Engin skipti. Verð 6.850.000 s. 8997303



VW Polo Comfortline 2011. Beinsk. Ek.100þ.km. Verð 1350þ. S. 7701108

## 500-999 þús.



### 23 ÞÚS Á MÁNUÐI

FORD FOCUS C-MAX TREND árg 2004 ek.164 þús, beinskíptur, ný skoðaður 17, lýtur vel út ásett verð 790 þús Tilboð 690 þús möguleiki á 100% láni sírka 23 þús á manuði s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**  
Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Hjólbarðar



### FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Garðyrkja

#### GARÐAUMSJÓN

Sláttur f. húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Nudd

### NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

### SÁ SÍMASPÁ Í

S. 844 6845 / 462 4564

Frá kl. 14:00. Spá í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**  
gjofsemgefur.is  
907 2002  
Hjálparstarf kirkjunnar

## atvinna



Hreinsitækni ehf., óskar eftir **BÍLSTJÓRUM** til framtíðarstarfa vegna aukinna verkefna

### Skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla eru:

- Vera með meirapróf og/eða minni vinnuvélaréttindi
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hreint sakarvottorð.
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.
- Skrifa og tala íslensku.
- Stundvísi og reglusemi.

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá fyrir 12. ágúst nk., á netfangið postur@hrt.is.

Öllum umsóknum verður svarað eftir að umsóknarfresti lýkur.

## Ráðningarlýsing

# Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

#### Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

#### Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

#### Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðningin í hans stað án endurgjalds.

#### Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

#### Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

#### Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

#### Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

#### Sanngjarnt verð

Þjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarlýsing og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is







2 SPORT



# ENSKI BOLTINN RÚLLAR AF STAÐ 7. ÁGÚST

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

ENSKI BOLTINN ER Á STÖÐ 2 SPORT



Enski boltinn rúllar af stað 7. ágúst þar sem meistararnir í Leicester City taka á móti bikarmeisturinum í Manchester United í Góðgerðarskildinum á Wembley. Fyrsta umferð í ensku deildinni hefst 6 dögum síðar eða 13. ágúst.



KEYPT  
& SELT

## Til sölu

Nýsmíðaður harðfiskvals til sölu.  
Upplýsingar í síma 8976684

## Óskast keypt

KAUPUM GULL -  
JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr.  
Spörum gjaldreyri. Heiðarleg  
viðskipti. Aðeins í verslun okkar  
Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoiðgerðir. Afsl. til elli/  
öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35.  
- S. 552 7095.

## HEILSA

## Nudd



## TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með  
Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir  
pör, konur og karla. S. 698 8301 www.  
tantratemple.is

Býð upp á heilnudd og slökun.  
Afslappandi og gott umhverfi. Opið til  
22 á kvöldin. 200 Kóp. S. 894 4817

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herbergi til leigu í 105, laust strax.  
Uppl. í síma 6900978

## Húsnæði óskast

Óska eftir herbergjum eða íbúð fyrir  
starfsfólk á stór RVK svæðinu. Tryggjar  
greiðslur. Uppl. í s. 897 1995 Sigurður.

## Geymsluhúsnæði

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR  
WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2.  
Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma.  
Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 25%  
afsláttur. www.geymslur.is

## ATVINNA

## Atvinna í boði

FISKVINNSLA Í  
HAFNARFIRÐI LEITAR  
EFTIR VÖNUM  
VERKSTJÓRA Í  
FISKMÓTTÓKU.

Viðkomandi þarf að geta leyst  
framleiðslustjóra af. Einnig vantar  
starfsfólk í snyrtingu, pökkun og  
almenna fiskvinnu.

Upplýsingar í síma 565-0830 á  
milli 9.00 og 15.00. Einnig er  
hægt að senda póst á  
vinna@hamrafell.is

## NONNABITI

Hressa og duglega starfskrafta  
vantar til starfa á Nonnabita, fullt  
starf/hlutastarf.

Umsóknir sendist á  
nonnabiti@nonnabiti.is  
eða S. 699 1095 Elmar

## RÆSTINGAR

Ræstingabjónustan auglýsir  
laus ræstingastörf á daginn og  
kvöldin á höfuðborgarsvæðinu og  
á Selfossi. Hreint sakavottorð og  
íslensku/enskukunnátta skilyrði.

Umsóknir berist rth@rth.is  
eða á skrifstofutíma  
í síma 510-1311.

STARFSMAÐUR ÓSKAST Í  
RÓTGRÓNA  
VEIÐIBÚÐ Í RVK.

Stundvísi, heiðarleiki,  
snyrtimennska, góð framkoma og  
þekking á stangveiði er skilyrði.  
Um framtíðar starf er að ræða.  
Ef þú þekkir ekki fluguna á  
myndinni þá er þetta ekki starfið  
fyrir þig!

Sendið CV eða ferilskrá á  
zircon@simnet.is



## VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA

Óskar eftir að ráða þjóna í fullt  
starf, 11-11 vaktir og einnig  
í hlutastarf á kvöldin og um  
helgar. Ath. lágmarksaldur 18 ár  
og íslenskukunnátta er skilyrði.  
Upplýsingar aðeins veittar á  
staðnum í dag og næstu daga.

Gröfumenn óskast, aðeins vanir menn.  
Upplýsingar í síma 897 0731

Menn vanir múrverki og flísalögnun  
óskast sem fyrst og nóg að gera í allan  
vetur. Uppl. í s. 860 3600 og 6966656.

Óskum eftir fólki í úthringistarf.  
Föst laun og bónusar í boði. Uppl og  
fyrirspurnir sendist á umsoknir@tmi.is  
eða í 770-2277

## CLEANING JOBS

Ræstingabjónustan offers  
daytime and evening cleaning  
jobs in Reykjavik and in Selfoss.  
Clean criminal record and  
Icelandic/English language skills  
required.

Send applications to  
rth@rth.is, or call 510-1311  
during office hours.

PROCAR BÍLALEIGA Í  
KEFLAVÍK

Óskar eftir starfsmönnum í  
eftirfarandi störf. Afgreiðsla  
og almenn þjónusta við  
viðskiptavinum. Bílaþvottur ásamt  
tilfallandi verkefnum.

Unnið er á vöktum og bjóðum  
við uppá ferðir á milli Reykjavíkur  
og Keflavíkur fyrir þá starfsmenn  
sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

Áhugasamir sendi umsókn á  
gunnarb@procar.is

JÁRNABINDINGAR /  
IRON JOB

Vantar járnsmenn. Mikil vinna. Uppl. í  
s. 897 1995 / 893 1174 / 866 1083 og  
jarnaverk@internet.is

Vinsælt veitingahús í miðbænum  
óskar eftir að ráða vandvirknan  
kokk til starfa. Vsm. sendið  
umsókn ásamt ferilskrá á starf.  
restaurant@gmail.com

Popular restaurant in center  
of Reykjavik is looking for a  
proficient cook. Please send  
an application and CV to starf.  
restaurant@gmail.com

## Atvinna óskast

MÁLARAR ÓSKA EFTIR  
VINNU.

Erum með einnig. Smíði,  
aðstoðarmenn við smíði,  
verkamenn, menn vana  
vegavinnu, dekkjamenn,  
pípulagningamenn og aðra  
iðnaðarmenn. Við finnum réttu  
mennina fyrir þig.

Verkleigan sími:780-1000  
e:vinna@verkleigan.is

## markaður

**Bakhúsið**  
Nytjamarkaður Grensásveggi 14

Opið virka daga 11-18  
og laugardaga 11-16

Inn sundið á milli húsanna.  
Fullt af bílastæðum bakvið.

Símar 662 7222 og 578 6262  
Vefverslun: vonogbjargir.is

Viltu gefa kompuðót, fatnað, bækur og fleira? ...við sækjum.  
Höfum kaupendur að heilum búslóðum og lagerum.

## skemmtanir

Cafe  
Catalina


Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

## Hljómsveitin Klettur

Rúnar Þór, Rúnar Vilbergs,  
Björgvin Gísla og Siggí Árna  
spila í kvöld.

Allir velkomnir



Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn



Gullnáman



**THULE**<sup>®</sup>  
SWEDEN

# Ferðabox



 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)



# TÍMAMÓT



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

### Þóru Eiríksdóttir

hjúkrunarfræðings,  
Hrauntungu 56, Kópavogi.

Tryggvi Sveinsson  
og fjölskylda.



Þökkum samúð og hlýhug vegna fráfalls

### Brynjúlfs Thorvaldssonar

Rúna Bína og aðstandendur.



Elskuleg móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,

### Anna Guðríður Hallsdóttir

hjúkrunarfræðingur,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á Hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 30. júlí.

Útförin verður gerð frá Grafarvogskirkju, mánudaginn 8. ágúst kl. 13.00. Starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Eir eru færðar bestu þakkir fyrir kærleiksrika umönnun.

Erlingur Jóhann Erlingsson Álfheiður Sigfúsdóttir  
Hallur Gunnar Erlingsson Viktoría Valdis Guðbjörnsdóttir  
Hákon Viðar, Karen Anna  
Ívar Kristinn, Ragnheiður Anna  
og Alexander Fannar



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,

### Baldur Sævar Konráðsson

Pósthússtræti 3, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 28. júlí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, mánudaginn 8. ágúst kl. 13.00.

Guðrún Ólöf Agnarsdóttir  
Sigríður Baldursdóttir Kjartan Valdimarsson  
Líney Sjöfn Baldursdóttir  
Sævar Baldursson Margrét Arna Eggertsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

### Fjöla Steindórsdóttir

Grandavegi 47,

lést að morgni 22. júlí á Grund v/Hringbraut.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þakkir til þeirra sem auðsýnt hafa samúð og sérstakar þakkir til starfsfólks V/2 fyrir góða umönnun. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á að láta Hjúkrunarheimilið Grund njóta þess.

María I. Jónsdóttir Snorri Bjarnason  
Ásrún S. Jónsdóttir Jón B. Rafnelsson  
Jón Bjarni Snorrason Imke Schirmacher  
Halldór Snorrason Jóna K. Sigurðardóttir  
Ásgeir Snorrason Klara Símonardóttir  
langömmubörn og aðrir aðstandendur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



Það er ekki á hverjum degi sem fólk er tattúerað inni á elliheimilum en Sigurður ákvað að slá til. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fagnar afreki með tattúí

Sextíu ár eru í dag frá því Sigurður Waage, fyrrverandi framkvæmdastjóri, stóð á tindi Hraundranga í Öxnadal, fyrstur manna. Í tilefni þess fékk hann sér tattú.

Það er erill á herbergi Sigurðar Waage á Hrafnistu í Reykjavík. Þar er Fjölur Geir Bragason að tattúera hinn tignarlega Hraundranga í Öxnadal á framhandlegg Sigurðar og ýmsir fylgjast með af áhuga. Tilefnið er það að 60 ár eru frá því Sigurður kleif dranginn, ásamt tveimur félögum sínum.

„Ég fékk Finn Eyjólfsson og Bandaríkjamanninn Nicholas Clinch með mér upp. Finnur lést 2014 en Nicholas býr í Bandaríkjunum. Hann var vanur klifrari á þessum tíma en var svo drengilegur að hann vildi að Íslendingur yrði fyrstur á tindinn og það kom í minn hlut,“ segir Sigurður. „Svo voru þeir menn sem aðstöðuðu okkur, báru vistir og kaðla sem voru þungir á þessum árum. Þetta voru Þráinn Karlsson, síðar leikari, sem þá var 17 ára, Haukur Viktorsson og Ingólfur Ármannsson.“

Sigurður var framkvæmdastjóri Sanitas í Reykjavík og öflugur þátttakandi í Flugbjörgunarsveitinni. Þar kynntist hann klifrinu og hafði æft það talsvert áður en hann lagði til atlögu við Hraundranga. „Við flugum nokkra hringi umhverfis dranginn til að meta aðstæður, áður en við lögðum í hann. Hann er laus í sér enda lengi talinn ókleifur. Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur sagði mér að það væru amerískir fjallamenn að stefna á tindinn. Það var rétt. Þeir gerðu tvær atrennur en sneru við í seinna skiptið vegna sudda, höfðu ekki meiri tíma og flugu vestur aftur. Þetta

voru bestu klifrarar Bandaríkjanna.“ Sigurður er á 89. aldursári. Hann kveðst ekki hafa átt frumkvæðið að því að fá Fjölni á elliheimilið til að tattúera hann. „Það var Sigrún dóttir mín sem átti hugmyndina og ég sló til,“ segir hann.

Tvö málverk eru í herbergi Sigurðar af Hraundranga, nú bætist eitt við enda er honum tindurinn kær.

„Við klifum dranginn frá þeirri hlið sem snýr að þjóðveginum. Ég stoppa alltaf fyrir framan hann þegar ég á þar leið um, dvel þar aðeins og fæ mér kaffisopa eða eitthvað sem ég hef meðferðis.“ [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)




Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma, langamma og langalangamma,

### Ragna Halldórsdóttir

frá Arngerðareyri,

lést 29. júlí sl. á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útför hennar verður gerð frá Kópavogskirkju 8. ágúst, kl. 13.00.

Steinunn K. Kristinsdóttir,  
Fríða S. Kristinsdóttir, Halldór Kristinsson,  
Guðbjörg K. Kristinsdóttir, Kristinn R. Sigurbergsson,  
tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn  
og barnabarnabarnabörn.




Ástrikur faðir okkar, stjúpfaðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,

### Magnús Ingi Sigurðsson

Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

er lést þann 31. júlí, verður jarðsönginn frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði 9. ágúst kl. 13.00. Jarðsett verður í Hafnarfirði.

Sigríður Margrét Magnúsdóttir Björn V. Jónsson  
Kristín María Magnúsdóttir Jón Magnús Sveinsson  
Herta Marianna Magnúsdóttir Arthur Pétursson  
Helga Jóna Ólafsdóttir Ásgeir Friðsteinnsson  
Edda Ólafsdóttir  
Þóra Ólafsdóttir Aad Groeneweg  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

### Helga Þórðardóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk fimmtudaginn 28. júlí. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 10. ágúst klukkan 15.

Anna Kristjánsdóttir Jón Hersteinn Jónasson  
Unnur Dóra Kristjánsdóttir Árni Björn Björnsson  
Þórður Kristjánsson Tina Kristjánsson  
ömmubörn og langömmubörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir,  
tengdamóðir, amma og langamma,

### María Sigurbjörnsdóttir

Beykilundi 12, Akureyri,

lést á Landspítalanum þann 1. ágúst. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 9. ágúst klukkan 13.30.

Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar.

Guðmundur Guðlaugsson  
Soffía Björk Guðmundsdóttir  
Steinunn Margrét Guðmundsdóttir  
Ásdís Elva Guðmundsdóttir  
Þorvaldur Guðmundsson, Agnes Smáradóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



# ALLT Á GRILLIÐ

*Þú færð allt fyrir góða grillveislu í Iceland*



SÓSUR, SALÖT, SYKURPÚÐAR O.FL.



Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.




OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
ICELAND, ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# Iceland



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur



Hægur vindur á landinu í dag. Skýjað með köflum á landinu og áfram má búast við einhverjum rigningarskúrum, einkum síðdegis. Hiti yfirleitt á bilinu 10 til 15 stig.

## Laugardagur

<b>Reykjavík</b> ☁ 13° ← 2	<b>Ísafjörður</b> ☁ 10° ↙ 2	<b>Akureyri</b> ☀ 12° ↓ 3
<b>Egilsstaðir</b> ☁ 12° ↙ 1	<b>Kirkjubæjarkl.</b> ☁ 13° ← 5	<b>Hveravellir</b> ☀ 9° ← 2

## Sunnudagur

<b>Reykjavík</b> ☀ 11° ↘ 7	<b>Ísafjörður</b> ☀ 12° ↘ 2	<b>Akureyri</b> ☀ 10° ↓ 4
<b>Egilsstaðir</b> ☀ 12° ↘ 7	<b>Kirkjubæjarkl.</b> ☀ 15° ↑ 2	<b>Hveravellir</b> ☀ 9° ↓ 5

## Þrautir

### Krossgáta

- LÁRÉTT**
- gas
  - umhverfis
  - nudda
  - dorma
  - karlkyn
  - deyfa
  - einkennis
  - sjúkdómur
  - gagn
  - kærleikur
  - hljóta
  - eignarform

### LÓÐRÉTT

- svei
- öfug röð
- flokkur sýklyfja
- verkur
- sætuefni
- fálæti
- vöntun
- málmur
- blástur
- tveir eins

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

LÁRÉTT: 2. loft, 6. um, 8. núa, 9. sef, 11. kk, 12. slæva, 14. aðals, 16. ms, 17. nyt, 18. ást, 20. fá, 21. stít.  
LÓÐRÉTT: 1. fúss, 3. on, 4. fúkaílf, 5. ták, 7. melassi, 10. faði, 13. van, 15. stál, 16. mäs, 19. tt.

### Skák Gunnar Björnsson

Hrund Hauksdóttir (1.789) átti leik gegn Hallgerði Helgu Þorsteinsdóttur (2.014) í fyrstu umferð Íslandsmóts kvenna.

### Hvítur á leik



22. b4! Bráðsnjall leikur. Ef svartur leikur 22. ... Dc3 kemur 23. Bxb5. Mannstap verður ekki umflúið og því gafst Hallgerður upp. Önnur umferð mótsins fer fram í kvöld. [www.skak.is](http://www.skak.is): Sumarsyrpa Breiðabliks.

## Sudoku

### LÉTT

	8					3	1	
	9							4
	4	1	5	9			2	8
			8	1		6		
				6	2			
	2			4		3		
	7	6		8				
9								
1	3	8	9	2	7		5	

### MIDLUNGS

			3	9	5			
			2				8	3
		5						6
5	4	6	2					
		3	4			2		
9	1			7			4	
1			8	6			2	
2		8						
	9						8	

### ÞUNG

		4	9					7
	5	9				7	2	4
2						5		1
			2	3			1	5
		8						
1			4	6				
9								
		1	5	9			6	
4	3					8	7	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudokuro

2	9	8	3	6	1	5	7	4
7	5	1	8	2	4	9	6	3
3	6	4	5	7	9	1	8	2
9	1	6	4	3	7	2	5	8
4	7	2	6	8	5	3	1	9
5	8	3	9	1	2	6	4	7
6	2	9	1	4	8	7	3	5
8	3	5	7	9	6	4	2	1
1	4	7	2	5	3	8	9	6

## Myndasögur

### PONDUS



### GELGJAN



### BARNALÁN



# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

## Ferillinn í máli og myndum

### Ólafur Ragnar Grímsson

lét af embætti forseta á dögum. Gunnar V. Andrússon, ljósmyndari Fréttablaðsins, hefur fylgt honum eftir síðan Ólafur hóf þátttöku í stjórnárum.



## Starfaði á strippstað

**Olga Sonja Thorarensen** starfaði sem fatafella í Berlín til þess að borga skuld. Hún lýsir reynslunni og því hvernig hún hyggst útbúa leikverk byggt á öllu saman.

## Gleði í Reykjavík

**Hinsegin dagar** eru haldnir með pompi og pragt um þessar mundir í borginni. Í fyrsta sinn tekur forseti Íslands virkan þátt í hátíðarhöldunum.





# SKÓLATÖLVUR MEÐ HÁSKERPUSKJÁ!

**ASUS**

## RISASTÓR 512GB SSD OG HRAÐUR INTEL I5 ÖRGJÖRVI

Þessi lætur ekki biða eftir sér. Sérstaklega hröð ofurtölva með fullkomnum háskerpuskjá sem eykur vinnuþláss, sprækum Intel i5 örgjörva, 8GB vinnsluminni og 512GB SSD diskur.

**INTEL I5 ÖRGJÖRVI** **8GB VINNSLUMINNI** **512GB SSD DISKUR** **15,6" SKJÁR**



ASU-F556UADM331T

**169.995**



**acer**

### HAGKVÆM 15,6" FULL HD MEÐ SSD!

ACE-NXGCEED018

Ótrúlega vel búin 15,6" fartölva miðað við verð. Ofurhraður 128GB SSD diskur, 6GB minni og Intel örgjörvi. Kristaltær FullHD háskerpuskjár.

**INTEL ÖRGJÖRVI** **6GB VINNSLUMINNI** **128GB SSD DISKUR** **15,6" SKJÁR**

### MEIRA VINNUPLÁSS MEÐ FULL HD!

Með háskerpuskjá færðu ekki aðeins töluvert betri myndgæði fyrir myndbönd og ljósmyndir, heldur einnig meira vinnuþláss en í skjám með hefðbundna upplausn. Auðveldara er að vinna í tveimur skjölum hlið við hlið og texti verður mun skýrari.



**acer**

### EIN BESTU KAUPIN HJÁ OKKUR Í ÁR!

ACE-NXMHED178

Ofurskýr FullHD skjár, hraður 256GB SSD, 6GB vinnsluminni og Intel Pentium örgjörvi. Glæsilega hönnuð úr nýju E5 línunni frá Acer.

**INTEL ÖRGJÖRVI** **6GB VINNSLUMINNI** **256GB SSD DISKUR** **15,6" SKJÁR**

**69.995**

**89.995**



**acer**

Fullkomin fartölva fyrir þá sem vilja léttu og kraftmikla fartölvu. Intel i5, 256GB SSD diskur, öflugur Intel 520M grafikjarni og FullHD skjár.

**INTEL I5 ÖRGJÖRVI** **6GB VINNSLUMINNI** **256GB SSD DISKUR** **13,3" SKJÁR**

**129.995**

**HVÍT  
MEÐ SSD**



**acer**

Frábær kaup. Intel i5 örgjörvi, 96GB SSD og 1TB gagnadiskur. 2GB GTX 950M leikjaskjækort og kristaltær FHD háskerpuskjár.

**INTEL I5 ÖRGJÖRVI** **6GB VINNSLUMINNI** **1TB DISKUR** **15,6" SKJÁR**

**149.995**

**96GB SSD  
1TB HDD**



**ASUS**

ASU-GL552VWNC298T

Ein flottasta úr ROG leikjalínunni frá Asus með i5-6300HQ og 2GB GeForce GTX960M leikjaskjækorti. 15,6" FHD skjár, 8GB vinnsluminni og 1TB diskur.

**INTEL I5 ÖRGJÖRVI** **8GB VINNSLUMINNI** **1TB DISKUR**

**199.995**

**GTX  
960M**

**FRÍ HEIMKEYRSLA Á FARTÖLVUM Í ÁGÚST!**



**tl.is**

**TÖLVU  
LISTINN**

**REYKJAVÍK**  
SUÐURLANDSBRAUT 26  
Sími 414 1700

**AKUREYRI**  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

**HÚSAVÍK**  
GARÐARSBRAUT 18A  
Sími 464 1600

**EGILSSTAÐIR**  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

**KEFLAVÍK**  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

**SELFOSS**  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

**AKRANES**  
ÞJÓÐBRAUT 1  
SÍMI 431 3333



Unnur Birna Karlsdóttir, höfundur skáldsögunnar *Ævintýri um dauðann* og saga af venjulegu fólki sem kom út í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hér fæ ég að vera skaparinn og ráða lífi og dauða

Unnur Birna Karlsdóttir er doktor í sagnfræði sem rannsakar sögu hreindýra á Íslandi en auk þess sendi hún nýverið frá sér sína aðra skáldsögu og þar fær hún að ráða framgangi sögunnar ein og alvöld.

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



**Æ**vintýri um dauðann og saga af venjulegu fólki er ný skáldsaga eftir Unni Birnu Karlsdóttur.

Þetta er önnur skáldsaga Unnar Birnu en fyrri bók hennar, það kemur alltaf nýr dagur, kom út árið 2012 og naut umtalsverðra vinsælda. Í nýrri skáldsögu Unnar Birnu segir frá dauðsfalli ungs manns af slysförum og þeim missi og þeirri sorg sem eftirlifandi eiginkona og sonur takast á við í kjölfarið. Það sem er sérstakt við söguna er sjónarhornið en sögu- maður er hinn látni fjölskyldufaðir og um það segir Unnur Birna: „Að segja söguna með þessum hætti er eitthvað sem bara kom í huga mér. Þetta er einfaldlega hin hliðin á lífinu. Þessi sem við vitum ekkert um, sem betur fer kannski, en er alltaf þarna hinumegin við hornið. En aðallega er þetta nú skáldsaga um lífið, mannleg samskipti og verðmæti lífsins, mikilvægi vináttunnar og afl ástarinnar og hvernig okkar nánustu, vinir og fjölskylda móta veruleikann sem við lifum í, og okkur sjálf sem einstaklinga, hugmyndir okkar og sjálfsmynd. Þetta er líka saga um hvað lífið er dýrmætt og hversu mikilvægt

það er fyrir okkur að fara vel með það því það getur tekið okkur aðeins eitt augnablik að missa það.

### Tölum lítið um dauðann

En eins og kemur fram í titli skáldsögunnar þá er þetta ævintýri, ímyndaður heimur, og framsetningin er þannig að mér fannst rétt að leggja áherslu á þennan þátt, þ.e. að hér er ímyndunaraflið það eina sem við höfum við að styðjast þegar við reynum að sjá fyrir hvað tekur við eftir dauðann, ef þá eitthvað tekur yfirleitt við, sem er svo annað mál og mjög umdeilt eins og við þekkjum. En maðurinn vill samt margur hver sjá fyrir sér að það sé eins konar framhald eftir jarðlífið. Við höfum kennisetningar trúarbragðanna um líf og dauða en erum engu að síður litlu nær í rauninni og þess vegna er þæling skáldsögunnar að spyrja þeirrar spurningar hvort ímyndunaraflið sé ekki jafn réttmæt leið til að hugsa og tala um hvað við sjáum fyrir okkur varðandi dauðann og kennisetningarnar enda eins og þessi skáldsaga bendir á þá er venjulegt fólk ekkert með kennisetningar trúarinnar á hreinu og ekki endilega sammála þeim í öllu, eða þá efast í ýmsu, auk þess sem við erum svo upptekin af lífinu, og tókum því jafnvel sem svo sjálfsgöðum hlut að við veltum svona hlutum lítið fyrir okkur dagsdaglega. Eðlilega, dauðanum fylgir sorg og hún særir djúpt

### UPPHAF ANNARS KAFLA

Það grillir í birtu. Það er eins og einhver leiði mig en sleppi svo af mér hendi og ýti mér mjúklega í átt að ljósinu, út úr rökkriinu inn í óræða liti sem smám saman leysast upp eins og reykur og í ljós koma útlínur og form, hljóð og litir. Ég er heima, í íbúðinni minni. Þar ríkir alger þögn. Ég lít inn í hvert herbergið á fætur öðru í þeirri von að sjá konu mína og son, Lilju og Símon, en enginn er heima. Dregið er fyrir alla glugga, búið um rúmin, engin leikföng á gólfinu, engin bók á borði, enginn dagblaðastaffli í óreiðu í blaðagrindinni, ekkert óhreint leirtau sjáanlegt og kaffibolli konunnar minnar er ekki á sinum vanastað í horninu við eldhúsvaskinn. Jafnvel teiknimappan hennar Lilju er ekki á vinnuborðinu hennar, þessi sem hún er svo oft með við hendina hérna heima ef hana langar að teikna. Hún er arkitekt.

*Ævintýri um dauðann og saga af venjulegu fólki eftir Unni Birnu Karlsdóttur*

### HVERNIG VIÐ TÖKUM MEÐ OKKUR RÆTURNAR OG ERUM MÓTUÐ AF LANDINU BÆÐI MEÐVITAÐ OG ÓMEÐVITAÐ.

þá sem eftir lifa. Og það sem ég hafði líka að leiðarljósi við ritun sögunnar er að reyndin er sú að við hugsum aldrei um dauðann og tölum mjög lítið um hann þannig að hugmyndir okkar eru svo óljósar og ómótaðar. Sjálf les ég alls konar bókmenntir, bæði fagurbókmenntir og ævintýri, og svo reyndar líka fræðirit þar sem

ég er starfandi sem fræðimaður og allt hefur þetta eflaust áhrif á mann með einum eða öðrum hætti.“

### Ræturnar alltaf með okkur

Unnur Birna er með doktorspróf í sagnfræði og starfar að rannsóknum á sögu hreindýra á Íslandi. Hún er búsett í Fellabæ á Fljótshádegum og hún þvertækur nú ekki fyrir það að nálægðin við náttúruna og áhuginn á henni hafi talsverð áhrif á hana sem höfund. „Ég held að í þessari sögu sem um ræðir hafi náttúran haft mikil áhrif. Það er til að mynda ákveðin tenging persónanna við heimahagana og hvernig við tókum þá alltaf með okkur hvert sem við förum.

Hvernig við tókum með okkur ræturnar og erum mótuð af landinu bæði meðvitað og ómeðvitað. Íslenskt landslag er svo mikið og magnað og með allri þeirri lífsbaráttu sem fylgir slíku landi þá er það auðvitað eitthvað sem mótar okkur alla ævi. En sagan gerist líka hérna í Reykjavík og það er borg þar sem fólk tekur með sér alls kyns svona. Við borgarþáttar komum mörg hver víða að og það setur líka svip sinn á samfélagið.“

### Fæ að vera skaparinn

Unnur Birna segir að það sé óneitanlega talsverður munur á því að fást við fræðistörfin og skáldskapinn. „Já, maður er bundinn af aðferðafræðinni í sagnfræðinni sem maður vinnur eftir en engu að síður er ég mikið að skrifa sem fræðimaður og með því venst maður að forma þá hugsun sem maður er að takast á við hverju sinni. En það er auðvitað miklu meira frelsi í skáldskapnum og þar er ég ekki bundin af heimildunum. Í skáldskapnum er ég að nota sköpunargáfun, stýra og stjórna þeirri sögu sem ég er að skapa hverju sinni. Fæ að vera skaparinn mikli og ráða lífi og dauða sögupersónanna. Ég vildi að maður gæti tekið eitt og annað sem gerst hefur í mannkynssögunni og fengið að breyta því til betri vegar í stórum stíl. Fengið að vera með svona inngríp hér og þar. Það væri nú dásamlegt.“ segir Unnur Birna og hlær glaðlega.



# BONUS

## skilar til viðskiptavina

ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kvóta til innflutnings á kjöti.\*

**TAKMARKAÐ  
MAGN**



**3.798**  
kr. kg

**Nautalundir**

Frosnar, Þýskaland - Verð áður 4.398 kr.

**TAKMARKAÐ MAGN**  
FRÍÐJI SKAMMTUR  
40.000 POKAR



**1.279**  
kr. 900 g


**Euro Shopper**  
Kjúklingabringur  
Frosnar, 900 g



**498**  
kr. kg

**Danpo**  
Kjúklingur  
Danskur, heill, frosinn

**LÁGT  
VERÐ  
ALLA DAGA**



# BONUS EKKERT BRUÐL





**LAUGARÁS BÍÓ**

**miði.is** Miðsala og nánni upplýsingar

**BADMOMS**

**LEYNILÍF GÆLUDÝRA**

**JASON BOURNE**

**THE INFILTRATOR**

LAUGARÁS BÍÓ	Sýningartímar
LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ISL.TAL	4, 6
LEYNILÍF GÆLUDÝRA 3D ISL.TAL	3:30
LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ENS.TAL	3:50, 5:30, 8
BADMOMS	5:40, 8, 10:10
JASON BOURNE	10
THE INFILTRATOR	10:30
GHOSTBUSTERS	8

**SAMBIÓIN SAMBio.is**

**Stærsta mynd sumarsins er komin**

**ÁLFABAKKA**

SUICIDE SQUAD 3D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
SUICIDE SQUAD 2D	KL. 2:50 - 6 - 8:40 - 11:20
SUICIDE SQUAD 2D VIP	KL. 12 - 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40
LEYNILÍF GÆLUDÝRA ISL.TAL 3D	KL. 12 - 2 - 4
LEYNILÍF GÆLUDÝRA ISL.TAL 2D	KL. 1 - 3:10 - 5:50
JASON BOURNE	KL. 8 - 10:40
STAR TREK BEYOND 2D	KL. 5:30 - 8 - 10:40
THE BFG	KL. 12:30 - 3 - 5:30 - 8
THE LEGEND OF TARZAN 2D	KL. 10:30
LEITIN AD DÓRU ISL.TAL 2D	KL. 1 - 3:20
RIBBIT ISL.TAL	KL. 12:50 (400 KR.)

**EGILSHÖLL**

SUICIDE SQUAD 3D	KL. 5:20 - 8 - 10
SUICIDE SQUAD 2D	KL. 7 - 10:40
JASON BOURNE	KL. 5:20 - 8 - 10:30
LEYNILÍF GÆLUDÝRA ISL.TAL 2D	KL. 5:20
NOW YOU SEE ME 2	KL. 10:20
THE LEGEND OF TARZAN 2D	KL. 8
SUICIDE SQUAD 3D	KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40
SUICIDE SQUAD 2D	KL. 3:40 - 6:20 - 9 - 11:40
NOW YOU SEE ME 2	KL. 8 - 10:40
LEITIN AD DÓRU ISL.TAL 2D	KL. 3:20 - 5:40

**KRINGLUNNI NÚMÉRUB SÆTI**

SUICIDE SQUAD 3D	KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40
SUICIDE SQUAD 2D	KL. 3:40 - 6:20 - 9 - 11:40
NOW YOU SEE ME 2	KL. 8 - 10:40
LEITIN AD DÓRU ISL.TAL 2D	KL. 3:20 - 5:40

**KEFLAVÍK**

SUICIDE SQUAD 3D	KL. 8 - 10:40
SUICIDE SQUAD 2D	KL. 5:20
LEYNILÍF GÆLUDÝRA ISL.TAL 3D	KL. 5:50
JASON BOURNE	KL. 8
STAR TREK BEYOND 2D	KL. 10:40

**SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ**

**SUICIDE SQUAD**

**GæLudýRa**

**FORELDRABÍÓ**

Á FÖSTUDAGINN KL. 12 Í SMÁRABÍÓ

**TURANDOT**  
15. september í Háskólabíói

**BADMOMS**

**GHOSTBUSTERS**

**JASON BOURNE**

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

**Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur**

hvað@frettabladid.is

5. ÁGÚST 2016

Tónlist

**Hvað?** Regnbogaraf  
**Hvenær?** 23.00  
**Hvar?** BarAnanas  
Raftónlistarkvöld í tilefni Hinsegin daga á BarAnanas. 1.000 krónur inn og rennur allur ágóði beint til Hinsegin daga.

**Hvað?** HG Quartet  
**Hvenær?** 22.00  
**Hvar?** Græna herbergið  
Djassbandið HG Quartet verður í kjallara Græna herbergisins í kvöld. Haukur Gröndal blæs í saxófón, Ásgeir Ásgeirsson spilar á gítar, Þorgrímur Jónsson plokkar bassa og Erik Qvick lemur trommurnar.

**Hvað?** Landleguball  
**Hvenær?** 23.00  
**Hvar?** Kiki  
Landleguball Hinsegin daga er



Sýningunni Ass Kombat er beint gegn kynbundnu ofbeldi með gleði, sirkus, nekt og alvöru.

árlegur viðburður sem verður að sjálfsgöngu á dagskrá í ár. Góð tónlist og glaðningur á barnum fyrir þau sem mæta fyrst. Aðgangseyrir 1.000 krónur.

**Hvað?** Rökkva á Rosenberg  
**Hvenær?** 22.00  
**Hvar?** Café Rosenberg  
Hljómsveitin Rökkva treður

upp á Rosenberg ásamt írskra fiðlusnillingnum Austin McManus. Um upphitun sér annar írskur tónlistarmaður – Mervin McManus. 1.000 krónur inn og athugið að það er enginn posi við dyrnar.

**Hvað?** Illuminine #2  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Mengi  
Belgíski tónlistarmaðurinn Kevin Imbrechts kallar sig Illuminine og vinnur að plötunni Illuminine #2 og ætlar að spila í Mengi af því tilefni. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Alexander Jarl og Þriðja hæðin  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Húrra  
Alexander Jarl, Þriðja hæðin og vinir þeirra verða allir í dúndrandi stemmingu á Húrra í boði Overground Entertainment.

Uppákomur

**Hvað?** Australiana  
**Hvenær?** 22.00  
**Hvar?** Iðnó  
Uppistand, kabarett og dansiball, allt í sömu sýningunni. Jonathan Duffy er þarna aðalmaðurinn og segir okkur

frá því hvernig það var að alast upp samkynhneigður í Ástralíu og fleiru – allt verður það líklega mjög myndið. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Stolt siglir fleyið mitt  
**Hvenær?** 20.30  
**Hvar?** Gamla höfnin, Ægisgarði  
Hinsegin sigling frá Gömlu höfninni. Tilboð á barnum og skemmtileg tónlist. Aðgangseyrir er 2.500 krónur.

**Hvað?** Nörða pub quiz  
**Hvenær?** 20.30  
**Hvar?** Gaukurinn  
Pub quiz með nördapema þar sem verður spurt á ensku og mun Guðrún Mobus Bernhards stjórna öllu saman.

**Hvað?** Stranger than fiction  
**Hvenær?** 19.00  
**Hvar?** Listastofan  
Upplestur og vín í

listastofunni. Rithöfundar lesa nýjstu verkin sín og það kostar 1.500 inn.

**Hvað?** Hýrir húslestrar  
**Hvenær?** 17.00  
**Hvar?** Iðnó  
Bókmenntaviðburður Hinsegin daga. Hljómsveitin Eva kynnir, Lilja Sigurðardóttir les úr væntanlegri skáldsögu, Anna Margrét Grétarsdóttir les upp úr bók sinni Hún er pabbi minn og Elías Knörr og Eva Rún Snorradóttir lesa ljóð. Einnig mæta leynigestir. Frítt inn.

**Hvað?** Ass Kombat  
**Hvenær?** 20.30  
**Hvar?** Tjarnarbíó  
Sirkussýning sem veltir upp spurningum um líkama, sjálfsmýnd og kynvæðingu. Vert er að taka fram í fyrsta lagi að verkið verður aðeins sýnt einu sinni og í öðru lagi að nekt er í sýningunni. Miðverð er 2.900 krónur.

Hátíðir

**Hvað?** Fiskidagurinn mikli  
**Hvenær?** 10.00  
**Hvar?** Dalvík  
Fiskidagurinn mikli er búinn að vera í blússandi gangi alla vikuna en í dag verður skipt í annan gir. Fjölskylduratleikur með glæsilegum vinningum, markaðir, gamlar dalvískar knattspyrnuhetjur á Dalvíkurvelli, skák, grill, leikhópurinn Lotta, fiskisúpukvöldið mikla og fleira og fleira.

**Hvað?** Handverkshátíð og landbúnaðarsýning  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Hrafnagil, Eyjafjarðarsveit  
Eyjafjarðarsveit er mikið handverkssvæði og nánast á hverjum bæ er verið að móta úr leir, skera út og hvaðeina. Á útisvæðinu í dag verður keppt í bændaglímu, það verður sveitamarkaður og síðan er það kvöldvakan og uppskeruhátíðin.

Fyrirlestur

**Hvað?** Af hverju urðu íþróttir hómófískar?  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Iðnó  
Hafðís Erla Hafsteinsdóttir sagnfræðingur ræðir tengsl hómófóbíu og íþróttu í sögulegu ljósi. Frítt inn.

Alexander Jarl og Jarl Squad verða á Húrra í kvöld ásamt fleiri góðum gestum.

**14. EÐA 21. NÖTT**

**ÚRVALSFÓLK KANARÍ**

21. SEPT. - 5. OKT. & 21. SEPT. - 12. OKT. 2016

Verð frá **179.900 KR.** m.v. 2 fulloröna í tvíbýli með hálfu fæði. Skemmtanastjóri ferðarinnar er er hin vinsæla **Jenný Ólafsdóttir**

Í ferð með Úrvalsfólki er hópurinn samstæður og þú nýtur samvista við jafnaldr, vini og kunningja. Í boði verða bæði stuttar og lengri ferðir í fylgd reyndra farastjóra.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 5854000 | uu.is





LLOYD



VAGABOND  
SHOEMAKERS



Gabor

SIXMIX

hummel ECCO

# RISA ÚTSALA Í FULLUM GANGI

60%

50%

70%

90%

LÁGMARKS-  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
VÖRUM NÚ  
50%

80%

50%

60%

*Toppskórinn*  
Markaður Smáratorgi

*Toppskórinn*  
Outlet Grafarvogi

Smáratorgi, Kópavogi  
Opið virka daga 11.00-18.00  
Laugardaga 11.00-18.00  
Sunnudaga 12.00-18.00

Vínlandsleið, Grafarholti  
Opið virka daga 11.00-18.00  
Laugardaga 11.00-16.00  
Sunnudaga 13.00-17.00



## DAGSKRÁ

## Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan  
**07.20** Litlu Tommi og Jenni  
**07.45** Kalli kanína og félagar  
**08.05** The Middle  
**08.30** Pretty Little Liars  
**09.15** Bold and the Beautiful  
**09.35** Doctors  
**10.20** The Smoke  
**11.05** Grand Designs  
**11.50** Restaurant Startup  
**12.35** Nágrannar  
**13.00** Sumar- og grillréttir Eypórs  
**13.30** Seven Years in Tibet  
**15.45** Chuck  
**16.30** The New Girl  
**16.55** Litlu Tommi og Jenni  
**17.15** Simpson-fjölskyldan  
**17.40** Bold and the Beautiful  
 Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tiskuheiminum en miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig. Endalaus valdabaráttu og erjur utan sem innan fyrirtækisins setja stundum mark sitt á starfseminu og ekki hjálpa flóknu fjölskyldutengslin til.

**18.05** Nágrannar  
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.  
**18.50** Íþróttir Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.  
**19.10** Friends Rachel reynir að átta sig á tilfinningum sínum í garð Gavins, nýja samstarfsfélagsins, og Ross fær Chandler til liðs við sig til að leita uppi fallegar konur í von um að gera Rachel afbrýðisama. Phoebe dauðsér eftir því að hafa dregið Monicu með sér á karóíkibar og Joey fellst á að vaxa á sér augabrúnnirnar fyrir myndatöku.  
**19.40** Impractical Jokers Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.  
**20.00** Nettir Kettir  
**20.50** The Trials of Cate McCall  
**22.25** I Origins Vönduð mynd frá 2014 um líffræðing og aðstoðarmann hans sem finna vísbendingar sem gætu mögulega breytt því hvernig við lítum á lífið og skynjum heiminn.

**00.10** Ask the Dust  
**02.05** What Lies Beneath  
**04.10** Seven Years in Tibet Frábær mynd frá árinu 1997 með Brad Pitt í aðalhlutverki. Á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar leggur Austurríkismaðurinn Heinrich Harrer upp í ferð um Himalaja-fjöllin ásamt vini sínum og leiðsögumanni. Félagarnir lenda í ótrúlegum hrakningum og koma að lokum til hinnar dularfullu borgar Lasa í Tibet. Heinrich gerist trúnaðarvinur andlegs leiðtoga Tibeta, Dalai Lama, og eiga kynni hans af leiðtoganum eftir að breyta lífssýn Heinrichs um alla framtíð.

## SPORT

**07.00** Hondúras - Alsír  
**08.40** Mexíkó - Þýskaland  
**10.20** Leiknir R. - Selfoss  
**12.00** Svíþjóð - Kólumbía  
**13.40** Brasilía - S-Afrika  
**15.20** Valur - Víkingur Ó.  
**17.10** Pepsi-mörkin 2016  
**18.40** Fulham - Newcastle BEINT  
**20.45** Community Shield - Preview Show  
**21.15** Portúgal - Argentína  
**22.55** Fíji - S-Kórea  
**00.35** Fulham - Newcastle  
**02.15** Community Shield - Preview Show

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
 FM 89,5 Retro  
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
 FM 93,5 Rás 1  
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
 FM 96,7 Lítt Bylgjan  
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
 FM 99,4 Útvarp Saga  
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



NETTIR KETTIR

SPURNINGAÞÁTTUR!

Stórskemmtilegur spurningaþáttur um popptónlist þar sem íslenskt tónlistarfólk spreytir sig á alls konar spurningum um allt milli himins og jarðar úr tónlistarheiminum. Þáttarstjórnandi er Hreimur Heimisson.

FRÁBÆRT  
FÖSTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á [365.is](http://365.is)

365



## THE TRIALS OF CATE MCCALL

Ungur lögmaður misstígur sig á framabrotinni og til að komast aftur á toppinn þarf hún að taka að sér mál ungrar konu sem er ranglega sökuð um morð.



## I ORIGINS

Afar áhugaverð vísindaskáldsaga um ungan vísindamann sem uppgötvar leyndardómminn á bak við mannsaugað. Uppgötvun hans opnar nýja sýn á veröld okkar og sköpunarsögu.



## HATESHIP LOVESHIP

Rómantísk mynd um tónlistarstúlkuna sem ákveður að hrekkja heimilishjálpa afa síns með því að senda henni ástarbréf í nafni föður síns.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

## BÍÓSTÖÐIN

**12.20** As Cool as I Am  
**13.55** Moonrise Kingdom  
**15.30** Cheaper by the Dozen  
**17.10** As Cool as I Am  
**18.45** Moonrise Kingdom  
**20.20** Cheaper by the Dozen  
 Frábær fjölskyldumynd frá árinu 2005 með Steve Martin í aðalhlutverki. Myndin fjallar um Baker-fjölskylduna fjölmennu sem snýr aftur og fer nú í sumarfrí, og lendir í mikilli samkeppni við Murtough-fjölskylduna sem samanstendur af auðjöfrinum Murtough, nýju konunni hans og átta börnum.  
**22.00** Hateship Loveship  
**23.45** The Exorcism Of Molly Hartley  
**01.20** Date and Switch Æskufélagarnir Michael og Matty hafa brallað margt saman í gegnum tíðina. Nú eru þeir um það bil að útskrifast úr framhaldsskóla og eru ennþá báðir hreinir sveinar. Þeir eru staðráðnir í að missa sveindóminn áður en skólaárið er á enda en það reynir á vinskapi þeirra þegar annar þeirra lýsir því yfir að hann sé samkynhneigður. Með aðalhlutverk fara Dakota Johnson, Nicholas Braun og Hunter Cope.  
**02.50** Hateship Loveship

## RÚV

**16.25** Popp- og roksaga Íslands  
**17.25** Ekki bara leikur  
**17.50** Tákn málsfréttir  
**18.00** KrakkaRÚV  
**18.01** Lautarferð með köku  
**18.03** Pósturinn Páll  
**18.18** Lundaklettur  
**18.28** Drekar  
**18.50** Öldin hennar  
**19.00** Fréttir  
**19.25** Íþróttir  
**19.30** Veður  
**19.40** Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps  
**20.00** Popppunktur  
**21.05** The Go-Between  
**22.35** Íþróttaafræk  
**22.55** Ólympiuleikar 2016 - setningarathöfn Bein útsending  
**02.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist  
**08.00** Rules of Engagement  
**08.20** Dr. Phil  
**09.00** Kitchen Nightmares  
**09.50** Got to Dance  
**10.40** Pepsi MAX tónlist  
**12.50** Dr. Phil  
**13.30** Cooper Barrett's Guide to Surviving Life  
**13.55** The Bachelor  
**14.40** Jane the Virgin  
**15.25** The Millers  
**15.50** The Good Wife  
**16.35** The Tonight Show  
**17.15** The Late Late Show  
**17.55** Dr. Phil  
**18.35** Everybody Loves Raymond  
**18.55** King of Queens  
**19.20** How I Met Your Mother  
**19.45** Korter í kvöldmat  
**19.50** America's Funniest Home Videos  
**20.15** The Bachelor  
**21.45** Second Chance  
**22.30** The Tonight Show  
**23.10** The Late Late Show  
**23.50** Prison Break  
**00.35** Code Black  
**01.20** The Bastard Executioner  
**02.05** Penny Dreadful  
**02.50** Second Chance  
**03.35** The Tonight Show  
**04.15** The Late Late Show  
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## GOLFSTÖÐIN

**08.05** Inside the PGA Tour  
**08.30** Golfing World  
**09.20** Travelers Championship  
**12.20** RBC Canadian Open  
**14.45** Inside the PGA Tour  
**15.10** Travelers Championship  
**18.10** Golfing World  
**19.00** Travelers Championship  
**22.00** UL International Crown  
**23.20** Countdown to the Ryder Cup



Hafið þið spáð í hvað þau gera allan daginn?

FRÁ MANNFÓLKINU SEM GERÐI  
**AULINN ÉG**

**LEYNILÍF** ILLUMINATION  
KYNNIR  
**Gæluvígla**

**KOMIN Í BÍÓ**







Söngvarinn kom hingað til lands árið 2013 og spilaði í Laugardalshöllinni. Síðan þá hefur lítið gerst hjá honum annað en að hann hefur átt nokkrar gestainnkómur í lögum.

# Frank Ocean sýnir á sér kollinn

Platan **Boys Don't Cry** með **Frank Ocean** er líklega sú útgáfa sem er beðið eftir með hvað mestri eftirvæntingu á þessu ári. Hún átti að koma út árið 2014, síðan í júlí á þessu ári og nú herma nýjustu fréttir að hún komi í dag.

Stefán Þór Hjartarson  
stefanthor@frettabladid.is



Söngvarinn og Íslandsvinurinn Frank Ocean er mögulega að gefa út sína aðra hljóðversplötu, **Boys Don't Cry**, í dag. Mögulega – af því að þessi útgáfa hefur verið dagsett margoft áður en aldrei hefur komið nein plata. Raunar hefur kviknað orðrómur nánast í hverjum einasta mánuði á þessu ári um að nú sé komið að því – þetta sé mánuðurinn sem **Boys Don't Cry** kemur loksins út.

Það eru líðin fjögur ár síðan hans fyrsta hljóðversplata, **Channel Orange**, kom út og aðdáendur hans eru orðnir ansi eftirvæntingarfyllir – jafnvel í sumum tilvikum reiðir, eins og söngkonan Adele sem blótaði þessari heillöngu bið í viðtali við tónlistartímaritið **Rolling Stone** í fyrra. Fréttir af söngvaranum í hljóðveri með alls kyns stórstjörnum, eins og til dæmis James Blake, hafa bara kynt undir hjá æstum aðdáendalýðnum.

Á samfélagsmiðlum er þessi endalaus bið orðin að brandara eða „meme“ sem hefur spunnist í endalausar áttir og snýst oftast en ekki um að Frank Ocean sé einhvers staðar týndur eða í felum. Síðast í júlí var það fullrytt að platan hans

væri að koma út og tóku aðdáendur hans það mjög alvarlega en allt kom fyrir ekki – engin plata hefur enn komið út.

Þann 1. ágúst síðastliðinn birti **The New York Times** grein þar sem það er haft eftir ónafngreindum heimildarmanni með þekkingu á tónlistarbransanum að platan væri dagsett í dag, föstudaginn 5. ágúst, og þá einungis, að minnsta kosti fyrst um sinn, á **Apple Music** tónlistarveitunni. Það sem kannski gefur þessari fullyrðingu vigt er myndband sem birtist á heimasíðunni **boysdontcry.co** á mánudaginn var – í fyrstu hélt fólk að um beina útsendingu væri að ræða en síðar kom í ljós að þetta var myndbandslistaverk eftir leikstjóran **Francisco Soriano** en hann gaf það upp í færslu á **Instagram** en eyddi svo færslunni síðar. Í myndbandinu mátti sjá **Apple-lógó** og er það í raun eina vísbendingin um að þessi ónefndi heimildarmaður **The New York Times** hafi rétt fyrir sér.

Söngvarinn Frank Ocean skaut mjög hratt upp á stjörnuhimininn eftir að hann gaf út mixteipið **Nostalgia, Ultra** árið 2011. Fyrir það var söngvarinn nánast óþekktur meðal

## NOKKUR LÖG SEM FRANK HEFUR KOMIÐ FRAM Í SÍÐAN CHANNEL ORANGE:

- Jay-Z - **Ocean**
- Earl Sweatshirt - **Sunday**
- John Mayer - **Wildfire**
- Beyoncé - **Superpower**
- Kanye West - **Frank's Track**

hins almenna tónlistaraðdáanda þó að hann hafi þá þegar verið orðinn ágætlega þekktur bak við tjöldin þar sem hann starfaði sem „ghostwriter“ fyrir meðal annars **John Legend**, **Justin Bieber** og **Brandy**. Áður hafði Frank Ocean komið inn í hiphop-fjöllistahópinn **Odd Future** sem á þeim tíma var nánast það eina sem tónlistarspekúlantar töluðu um og í kjölfarið gaf hann út **Nostalgia, Ultra**. Lögin **Novacane** og **Swim Good** vöktu mikla lukku og Frank túraði um **Bandarík**in auk þess sem bæði lögin og mixteipið hans voru á mörgum listum tónlistargagnrýnenda y f i r

bestu tónlistina á árinu. Frank Ocean varð einskonar kólthetja – hann kom nánast eins og þruma úr heiðskíru lofti með mjög ferska nálgun að R&B-tónlist, með vel mótaða fagurfræði og sérstaka texta.

Árið 2012 kom síðan út platan **Channel Orange**, fyrsta hljóðversplata söngvarans, og sló hún gjörsamlega í gegn. Kortér í útgáfu plötunnar sendi Frank frá sér eins konar tilkynningu á **Tumblr**-síðunni sinni þar sem hann skrifaði um sína fyrstu ást – það sem vakti athygli var að þar viðurkennir hann að hafa orðið ástfanginn af karlmanni þegar hann var 19 ára. Kynhneigð tónlistarmanna er yfirleitt ekkert stórmál en í heimi R&B- og hiphop-tónlistar, sem hefur aldrei verið þekkt fyrir umburðarlyndi, var þetta risaskref. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og kepptust kollegar hans í tónlistarheiminum við að styðja Frank opinberlega. Árið 2013 var Frank viðurkenndur af **GLAAD** sem „outstanding music artist“ fyrir **Channel Orange**.

Þegar þessi orð eru skrifuð hefur **Boys Don't Cry** ekki enn komið út – en það er alveg ljóst að um tímamótalistaverk verður að ræða þegar/ef hún loksins lítur dagsins ljós – ef ekki tónlistarlega, þá að minnsta kosti í því einu að hafa bara komið út almennt. Ef hún kemur ekki út þá munu ansi margir drengir, og stúlkur, gráta.

stefanthor@frettabladid.is



Söngvarinn dularfulli er ekkert að drífa sig við að gefa út næstu plötu.



# ERTU KLÁRÍ HLAUPIN?

ÓTRÚLEGT VERÐ  
Á HLAUPASKÓM Í INTERSPORT!



FRÁBÆRT  
VERÐ!

ADIDAS  
ENERGY BOOST 3  
**19.990**  
VERÐ ÁÐUR  
24.990



**ADIDAS ENERGY BOOST 3**  
Vinsælustu Adidas hlaupaskórnir á frábæru verði. Dömu- og herrastærðir. Á meðan birgðir endast.



## KLÚBBTILBOÐ

Þú getur skráð þig í klúbbinn í verslunum Intersport og fengið öll bestu tilboðin strax!

2.990



**CRAFT DEVOTION SS SHIRT**  
Æfinga- og hlaupabólur úr DRY PLUS efni. Dömustærðir.

4.990



**CRAFT DEVOTION TIGHTS**  
Hlaupabuxur sem veita góðan stuðning, DRY PLUS efni. Dömustærðir.

7.990



**CRAFT DEVOTION JACKET**  
Hlaupajakki úr Dry Climalite efni með góðri öndun. Vindheldur og vatnsvarinn. Dömustærðir.

5.490



**CRAFT TRAIL LS SHIRT**  
Hálfrennd DRY PLUS æfinga- og hlaupapeysa með góðri öndun. Dömustærðir.

INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.  
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.  
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

**INTERSPORT®**



# Apabindið tekur við af fílabindinu

Apabindið sem **Guðni Th. Jóhannesson** bar við fyrstu opinberu heimsókn sína sem forseti Íslands vakti skemmtilega athygli. Fréttablaðið heyrði í forsetahjónunum og grennsaðist fyrir um apabindið.

Ég man ekkert hvar ég fékk þetta bindi, þetta er eitt af mínum uppáhaldsbindingum. Ég ákvað að skella því upp í tilefni af fyrstu opinberu heimsókn okkar sem forsetahjóna, án þess að spyrja kóng eða prest. Þetta mun ekki vera í síðasta skipti sem þú sérð mig með þetta bindi," segir Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, spurður út í bindið sem hann bar í heimsókn sinni á Sólheima fyrr í þessari viku.

Þetta mun ekki vera í fyrsta skipti sem forseti ber bindi sem vekur athygli en Ólafur Ragnar Grímsson skartaði oft eftirminnilegu fílabindi í hinum ýmsu erindagjörðum. Eliza Reid forsetafrú taldi líklegt að Guðni kæmi til með að nota apabindið oftari í framtíðinni enda litríkt og bjart sem kann að einkenna klæðnað nýkjörins forseta.

„Ég trúir því vel að hann muni nota þetta bindi aftur, hann hefur átt það í mörg ár, ég man þó ekki hvar hann fékk það. Ég keypti það ekki fyrir hann en honum hefur þótt það skemmtilegt á litinn," segir Eliza Reid.

Eliza telur Guðna ekki vera mikinn áhugamann um apa en segir þó að hann sé jákvæður maður sem þyki gaman að hafa bjarta liti í kring um sig.

„Það er engin sérstök saga á bak við þetta bindi en hann



á þó nokkur bindi sem eiga sér skemmtilega sögu, bæði bindi sem ég hef gefið honum eða hann hefur fengið í gjafir," segir hún.

Það er óhætt að segja að nýkjörinn forseti þurfi að huga vel að samsetningu fata, stíl og passa upp á að fötin sem verða fyrir valinu séu í samræmi við hið nýja starf hans. Að sögn Elizu hefur Guðni þó aldrei verið fyrir það að eiga mikið af fötum. „Hann hefur þó alltaf passað að vera finn til fara. Guðni getur átt sömu fötin í langan tíma en þegar hann hefur fengið sér ný föt gefur hann eldri fötin sín í Rauða krossinn," segir hún.

En hvað er það sem einkennir nýkjörinn forseta í klæðaburði?

„Guðni hefur einstaklega gaman af sokkum í litum og hefur ákveðið að halda sig alfarið við þá hefð," segir Eliza létt í bragði.

Talsverðar breytingar hafa orðið hjá fjölskyldunni síðastliðna mánuði og nóg um að vera á næstunni, flutningar á Bessa-staði, og annasamur vetur framundan ásamt ferðalögum um landið.

„Þetta er auðvitað öðruvísi en við vorum vön en mjög jákvætt, fólk vill fá myndir af okkur með sér sem er bara skemmtilegt. Við viljum samt auðvitað halda í okkar gamla líf, fylgja börnunum okkar á fótboltamót og



Guðni Th. Jóhannesson forseti og Eliza Reid forsetafrú heimsóttu Sólheima fyrr í vikunni. Nýkjörinn forseti vakti athygli fyrir litríkt apabindi sem hann skartaði í heimsókninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Fyrirverandi forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, vakti athygli fyrir skrautleg bindi og oft voru þau með filamyndum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ÉG ÁKVAÐ AÐ SKELLA ÞVI UPP Í TILEFNI AF FYRSTU OPINBERU HEIMSÓKN OKKAR SEM FORSETAHJÓNA, ÁN ÞESS AÐ SPYRJA KÓNG EÐA PREST.

halda afmælisveislu fyrir krakkana í bekknum, eins og foreldrar gera. Yngsta dóttir okkar verður þriggja ára eftir nokkrar vikur, hún kemur alltaf til með að muna bara eftir því að pabbi sinn sé forseti og við búum á Bessa-stöðum, ég vil samt ekki að hún muni eftir því að henni hafi verið ekið út um allt. Við viljum halda í það að eiga venjulegt líf," segir Elísa gudrunjona@frettabladid.is

## Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki

Eitt mesta úrval landsins af fiskréttum og ferskum fiski.

- ★ Veitingastaðir
- ★ Stóreldhús
- ★ Mötuneyti

@ hafid@hafid.is

☎ 554 7200



Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13

ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5403 | hason.gustaf@365.is, sigfus@365.is, Orn.Gerjonsson@365.is, ERBLÖÐ SÍMI Waage.johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson.jonivar@365.is, FÓLK OG GLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason.hrannar@365.is, sdóttir.arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir.sigrunh@365.is



**STEFÁN  
HILMARS**

**HARPA 16.09.16**

**50**

**AFMÆLISTÓNLEIKAR**

**STEFÁN FAGNAR 50 ÁRUM  
ÁSAMT ÚRVALSLIÐI HLJÓÐFÆRALEIKARA  
FLUTT VERÐA LÖG FRÁ 30 ÁRA FERLI**

**SÉRSTAKIR GESTIR**

**BJÖRGVIN HALDÓRSSON**

**EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON**

**JÓHANNA GUÐRÚN**

**PÁLL RÓSINKRANZ**

**GOSPELKÓRINN GISP!**

**HORNAFLOKKURINN HONK**

**& LEYNIGESTIR**



Miðasala á [harpa.is](http://harpa.is) & [tix.is](http://tix.is)

**EIMSKIP**

stýður við íslenska tónlist

BÍLLEIGA  
AKUREYRAR  
Móttur

Europcar



## Bakpankar

Mariu Bjarnadóttur



## Flóttamenn á hlaupum

Muniði hvað það var geggið þegar okkar menn rústuðu Evrópu-meistaramótinu í fótbolta? Já, auðvitað. Allavega allir sem eru nýbúnir að fá bréf með sundurliðuðum minningum frá Frakklandi á yfirlitinu frá Visa.

Nú stýttist í að við getum aftur verið stolt af íþróttafólkinu okkar því að Ólympíuleikarnir eru að byrja í Brasilíu. Það verða líklega færri stuðningsmenn á staðnum þar en í Frakklandi svo við hvetjum úr sumarbústöðum eða stofusófanum umvafin fjölskyldu eða vinum. Fánalitir, andlitsmálning og sjónvarpslýsendur sem tryllast úr spennu. Áfram Ís-laaand!

Sumir þátttakendur í Ríó keppa ekki undir merkjum landsins síns og sigrum þeirra og sorgum á mótinu fylgir ekkert þjóðarstolt sem snertir heila heimsálfu með víkingaklappi. Þau keppa undir merkjum flóttamanna. Sundkona sem komst yfir hafid frá Sýrlandi til Evrópu. Júdámaður sem var læstur inni búri af þjálfaranum sínum á Filabeinsströndinni ef hann tapaði keppni. Hlaupari frá Suður-Súdan sem hefur ekki heyrt í eða af fjölskyldunni sinni þau 15 ár síðan hún flúði landið - hlaupandi.

Ég legg til að við hvetjum líka flóttaiþróttamennina í Ríó úr sófanum. Ef þið viljið hafa stuðninginn í verki er hægt að bæta á Visa-reikninginn framlagi til UNICEF, UN Women, Rauða krossins eða Akkeris. Þú gætir verið að styðja Ólympíumeistara framtíðarinnar. Stuðning má einnig greiða með atkvæðum. Uppúr kjörkössunum í haust þarf að koma pólitískur stuðningur við flóttamenn og fríð í stríðshrjáðum ríkjum. Við erum nefnilega í raun öll í sama liði. Húh!

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,  
Vesturbergi og  
Arnarbakka



Iceland

Endalaust sumar

ENDALAUS  
GSM  
2.990 KR.\*



ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS  
OG 30 GB GAGNAMAGN\*

\*Grett er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og upplýsingasímer. Nánari upplýsingar er að finna í GSM skilmálum á 365.is

\*30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánaði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónum bætt við ef farið er unntíðum 30 GB

1817 | 365.is 


# SUMMAR ÚTSALA

## LÝKUR Á MORGUN LAUGARDAG



KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

# ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR



FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIÐI 1  
Ísafirði  
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI  
Mán.-fös. 10-18 | Lau. 11-16  
www.betrabak.is

**Betra  
BAK**